

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 21

við Stjórnartíðindi EB

7. árgangur

11.5.2000

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

2000/EES/21/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn 1

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja 7

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 476/97 frá 13. mars 1997 um breytingu, með tilliti til hagskýrslusvæðis, á reglugerð (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins 32

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97 frá 20. maí 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess 33

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins 40

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 23/97 frá 20. desember 1996 um tölfræðilegar upplýsingar um stig og samsetningu launakostnaðar 46

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/157/EB, KBE frá 12. febrúar 1997 um hvernig fara skuli með tekjur fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu vegna framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði 51

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs 52

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs 60

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu 87

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB, KBE frá 10. febrúar 1997 um að ákveða aðferðir fyrir skiptin milli evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu (EPK 95) og evrópska þjóðhagsreikningakerfisins 91



| | | |
|-----------------------|---|-----|
| | Tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfraðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða | 129 |
| | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB frá 18. desember 1996 um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfraðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða | 132 |
| | Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2467/96 frá 17. desember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 571/88 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða | 158 |
| 2000/EES/21/02 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn | 162 |
| | Reglugerð ráðsins (EB) nr. 374/98 frá 12. febrúar 1998 um breytingu á 6. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins | 164 |
| | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97 frá 21. nóvember 1997 um landflokkin í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess | 165 |
| | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri visitölu neysluverðs .. | 171 |
| | 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin | |
| | 4. Ráðgjafarnefnd EES | |
| | II EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 2000/EES/21/03 | Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/99/COL frá 4. júní 1999 um nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn og um sautjándu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ | 173 |
| 2000/EES/21/04 | Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum (aðstoð nr. 99-008/Noregur og 00/001/Noregur) | 193 |
| | 3. EFTA-dómstóllinn | |
| 2000/EES/21/05 | Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt fyrirætlun hans frá 13. janúar 2000 í málinu Lánasýsla ríkisins gegn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. - (mál E-1/00) | 194 |
| 2000/EES/21/06 | Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar) frá 22. febrúar 2000 í máli Allied Colloids, o.fl. gegn norska ríkinu, en í fyrirsvari er ráðuneyti sveitarstjórna og byggðaþróunar - (mál E-2/00) | 194 |
| | III EB-STOFNANIR | |
| | 1. Ráðið | |
| | 2. Framkvæmdastjórnin | |
| | 3. Dómstóllinn | |

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/21/01

nr. 13/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslugerðar og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerninga sem Evrópubandalagið hefur samþykkt frá því að síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

Að teknu tilliti til sérstöðu Liechtensteins sem smárikis er rétt að takmarka kröfur um hagskýrslugerð.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97⁽²⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 476/97⁽³⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97⁽⁴⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97⁽⁵⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 23/97⁽⁶⁾, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/157/EB, KBE⁽⁷⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96⁽⁸⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96⁽⁹⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96⁽¹⁰⁾, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB, KBE⁽¹¹⁾, tilskipunar ráðsins 96/16/EB⁽¹²⁾, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB⁽¹³⁾ og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2467/96⁽¹⁴⁾, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

formaður

F. Barbato

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 267.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 75, 15.3.1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 128, 21.5.1997, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 6, 10.1.1997, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 63.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 75, 15.3.1997, bls. 44.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 78, 28.3.1996, bls. 27.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 24, 25.1.1997, bls. 26.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 335, 24.12.1996, bls. 3.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999

viðauka við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUGERÐ) skal breytt sem hér segir:

A. VIÐSKIPTASKÝRSLUR

1. Eftirfarandi komi í stað 1. liðar (tilskipun ráðsins 64/475/EBE):

„1. **397 R 0058**: Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ísland þarf ekki að afhenda innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða –mat á hagtölum eins og krafist er í viðaukum við þessa reglugerð,
- b) Ísland þarf ekki að nota NACE, 1. endursk. fyrir árin 1995 og 1996, þess í stað skal það leggja fram gögn sem byggð eru á ISIC 1968,
- c) Ísland þarf ekki að veita upplýsingar um eftirfarandi einstaka liði:
 - i) árlegar fyrirtækjahagtölur, sbr. 3. lið 4. þáttar í 2. viðauka: kóðar 12 13 0, 13 12 0, 13 13 1, 13 41 1, 15 12 0, 15 13 0, 15 31 0, 16 13 2, 18 12 0, 18 15 0, 18 16 0, 20 11 0,
 - ii) fyrirtækjahagtölur á nokkra ára fresti, sbr. 4. lið 4. þáttar í 2. viðauka: allir liðir,
 - iii) sundurliðun í stærðarflokka hvað varðar niðurstöður fyrir árið 1997, sbr. 2. lið 7. þáttar í 2. viðauka.
- d) EFTA-rikin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og krafist er í þessari reglugerð,
- e) Liechtenstein þarf ekki að afla upplýsinganna sem krafist er í þessari reglugerð, nema fyrir eftirfarandi breytur hvað varðar þátt C til K og M til O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.):
 - Fjöldi fyrirtækja (samtals)
 - Fjöldi staðbundinna eininga (samtals)
 - Fjöldi starfsmanna (NACE, 1. endursk, 3. stafa sundurliðun).
 - Það skal leggja fram slíkar breytur árlega, í fyrsta sinn árið 2000 fyrir árið 1999.“

2. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 72/221/EBE) falli niður.

3. Í lið 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93) komi eftirfarandi í stað textans í aðlögunarlið b):

„Liechtenstein skal hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum til að fara að þessari reglugerð eigi síðar en 1. janúar árið 2000.“

B. SKÝRSLUR UM UTANRÍKISVERSLUN

1. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95):

„, eins og henni var breytt með:

- **397 R 0476**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 476/97 frá 13. mars 1997 (Stjtið. EB L 75, 15.3.1997, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað 9. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96):

„9. **397 R 0895**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97 frá 20. maí 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB L 128, 21.5.1997, bls. 1).“

C. TRÚNAÐARKVAÐIR Í HAGSKÝRSLUM

1. Í stað fyrirsagnarinnar „TRÚNAÐARKVAÐIR Í HAGSKÝRSLUM“ á eftir 16. lið komi „MEGINREGLUR OG TRÚNAÐARKVAÐIR Í HAGSKÝRSLUM“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 17. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1588/90):

„17a. **397 R 0322**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins (Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1).“

D. MANNFJÖLDA- OG FÉLAGSMÁLASKÝRSLUR

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 18b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2744/95):

„18c. **397 R 0023**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 23/97 frá 20. desember 1996 um tölfræðilegar upplýsingar um stig og samsetningu launakostnaðar (Stjtið. EB L 6, 10.1.1997, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og krafist er í þessari reglugerð.
- b) Liechtenstein þarf ekki að afla upplýsinganna sem krafist er í þessari reglugerð.
- c) Eftirfarandi bætist við í I. lið í viðaukanum á eftir „Fyrir Svíþjóð: ...ár“:

„Fyrir Ísland: fjárhagsárið 1997, að því tilskildu að það leggi fram mat fyrir viðmiðunarárið 1996.“

- d) Eftirfarandi bætist við í II. lið í viðaukanum á eftir „6. Fyrir Austurríki: ... I-þáttur“:

„7. Fyrir Ísland: H-, J- og K-þáttur.“

E. HAGTÖLUR

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (tilskipun ráðsins 89/130/EBE):

„- **397 D 0157**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/157/EB, KBE frá 12. febrúar 1997 (Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 63).“

2. Eftirfarandi komi aftan við lið 19a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95):

„19b. **396 R 1749**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysliverðs (Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3).

19c. **396 R 2214**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysliverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysliverðs (Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8).

19d. **396 R 2223**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu (Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- EFTA-rikin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og krafist er í þessari reglugerð.
- Þessi reglugerð gildir ekki um Liechtenstein.
- Ísland þarf ekki að nota NACE, 1. endursk. fyrir árin 1995 og 1996, þess í stað skal það leggja fram gögn sem byggð eru á ISIC 1968.
- Í viðauka B, Undanþágur fyrir töflurnar sem leggja skal fram í tengslum við spurningarlistann „EPK 95“ eftir löndum bætist eftirfarandi við á eftir 14. lið (Breska konungsríkið):

„15. ÍSLAND

15.1. Undanþágur að því er varðar töflur

| Tafla nr. | Tafla | Undanþága | Til |
|-----------|---|--|------|
| 1 | Helstu samtölur, ársfjórðungslega | Afturvirkir útreikningar | 2005 |
| 3 | Töflur eftir atvinnugrein | Frestur: t + 18 mánuðir Afturvirkir útreikningar: gögn fyrir árin 70—72 skulu ekki endurreiknuð NACE, 1. endursk. frá og með 1997 Fyrri ár grundvölluð á ISIC 1968 | 2005 |
| 8 | Aðrir reikningar en efnahagsreikningar eftir atvinnugrein | Afturvirkir útreikningar: ekki þörf á að senda gögn fyrir 1995 | 2005 |
| 12 | Töflur eftir atvinnugrein og landshlutum | Engir reikningar eða sundurliðun eftir landshlutum | 2005 |
| 13 | Heimilisreikningar eftir landshlutum | Engir reikningar eða sundurliðun eftir landshlutum | 2005 |
| 15 | Birgðatafla á grunnverði ásamt umreikningi yfir í kaupverð, A60 x P60 | | |

| Tafla nr. | Tafla | Undanþága | Til |
|-----------|---|--|------|
| 16 | Notkunartöflur á kaupverði, A60 x P60 | | |
| 17 | Samhverfa aðfanga/afurðatöflur á grunnverði, P60 x P60, fimm á ári | | |
| 18 | Samhverfa aðfanga/afurðatöflur fyrir innlenda framleiðslu á grunnverði, P60 x P60, fimm á ári | | |
| 19 | Samhverfa aðfanga/afurðatöflur fyrir innflutning á grunnverði, P60 x P60, fimm á ári | | |
| 20 | Víxlflokkun á fastafjármunum eftir atvinnugrein og vöru, P31 x P13, fimm á ári | Engin sundurliðun eftir atvinnugrein | 2005 |
| 22 | Víxlflokkun á brúttófjárfestingu í fastafjármunum eftir atvinnugrein og vöru, P31 x P60, fimm á ári | Engin sundurliðun eftir vörum Sundurliðun eftir atvinnugrein í samræmi við NACE, 1. endursk. tveggja stafa tala “ | 2005 |

19e. **397 D 0178:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB, KBE frá 10. febrúar 1997 um að ákveða aðferðir fyrir skiptin milli evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu (EPK 95) og evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (2. útgáfu EPK) (Stjtið. EB L 75, 15.3.1997, bls. 44).“

F. LANDBÚNAÐARSKÝRSLUR

1. Eftirfarandi komi í stað 21. liðar (tilskipun ráðsins 72/280/EBE):

„21. **396 D 0016:** Tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða (Stjtið. EB L 78, 28.3.1996, bls. 27).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- Liechtenstein þarf ekki að afla upplýsinganna sem krafist er í þessari reglugerð,
- Ísland og Noregur þurfa ekki að leggja fram upplýsingar um heimaneyslu mjólkur sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr.“

2. Eftirfarandi komi í stað 22. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE):

„22. **397 D 0080:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB frá 18. desember 1996 um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða (Stjtið. EB L 24, 25.1.1997, bls. 26).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir: Liechtenstein þarf ekki að afla upplýsinganna sem krafist er í þessari ákvörðun.“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88):
- „- **396 R 2467**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2467/96 frá 17. desember 1996 (Stjtið. EB L 335, 24.12.1996, bls. 3).“
4. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) skal aðlögunarliðunum breytt sem hér segir:
- i) eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið a):
- „texti 4. gr. sem hefst á „og að því leyti sem máli skiptir á hverjum stað ...“ fram til „sérstakar tæknilegar leiðbeiningar á sviði efnahagsmála í skilningi sömu ákvörðunar“ gildir ekki,“
- ii) texti aðlögunarliðar c) falli niður,
- iii) eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið f):
- „Liechtenstein skal fyrir árslok 1998, afhenda grundvallarupplýsingar, sem þessi reglugerð tekur til, samkvæmt samningi sem gerður verður við Hagstofu Evrópubandalaganna. Frekari framkvæmd verður skoðuð með hliðsjón af öflun upplýsinga á árunum 1999/2000.“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB, KBE) nr. 58/97

frá 20. desember 1996

um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af drögum að reglugerð sem framkvæmdastjórnin lagði fram ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ályktun sinni frá 14. nóvember 1989 um innanríkisviðskipti í tengslum við innri markaðinn ⁽⁴⁾ fór ráðið þess meðal annars á leit við framkvæmdastjórnina að hagskýrslur um viðskipti yrðu betrubættar með því að gera þær samrýmanlegar skilgreiningum bandalagsins og, eftir því sem þörf krefur, senda þær í auknum mæli til Hagstofu Evrópubandalaganna.
- 2) Ráðið samþykkti með ákvörðun 92/326/EBE ⁽⁵⁾ tveggja ára áætlun (1992 til 1993) um þróun evrópskra hagskýrslna um þjónustu. Þessi áætlun felur í sér samantekt samræmdra hagtalna á landsgrundvelli eða svæðisbundið, einkum með tilliti til dreifingarstarfsemi.
- 3) Ráðið samþykkti með tilskipun sinni 78/660/EBE ⁽⁶⁾ ráðstafanir til að bæta samræmingu laga allra aðildarríkjanna um framsetningu og efnisársreikninga og ársskýrslna, matsaðferðir sem beitt er og hvernig beri að haga birtingu þessara atriða hvað varðar tiltekna gerðir félaga.
- 4) Eftir þetta hafa orðið miklar framfarir í bandalaginu í átt til samþættingar. Nýjar stefnur og viðmiðanir í efnahagsmálum,

samkeppni, félagsmálum og umhverfismálum og hjá fyrirtækjum krefjast frumkvæðis og ákvarðana sem byggðar eru á marktækum hagskýrslum. Þær upplýsingar sem kveðið er á um í gildandi lögum bandalagsins eða eru tiltækar í aðildarríkjunum eru ónógar eða ekki nægilega samanburðarhæfar til að geta verið áreiðanlegur grundvöllur fyrir störf framkvæmdastjórnarinnar.

- 5) Ráðið samþykkti með ákvörðun sinni 93/379/EBE ⁽⁷⁾ áætlun til margra ára varðandi ráðstafanir bandalagsins til að skerpa forgangssvið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækjastefnu bandalagsins, einkum varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki. Hagtölur eru nauðsynlegar til að geta metið áhrif ráðstafana sem gerðar eru til að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni, einkum sambærilegar hagtölur um fyrirtæki í öllum atvinnugreinum, hagtölur um undirverktakatengsl fyrirtækja innan aðildarríkjanna og á alþjóðavettvangi og betri hagtölur um lítil og meðalstór fyrirtæki. Skyldan til að leggja fram slíkar hagtölur má ekki vera óþarflega íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 6) Með ákvörðun 93/464/EBE ⁽⁸⁾ samþykkti ráðið rammaáætlun fyrir forgangsvæðingunni á sviði hagskýrslugerðar fyrir árin 1993-1997.
- 7) Þörf er á tölfræðilegum upplýsingum um breytni fyrirtækja, einkum að því er varðar rannsóknir, þróun og nýjungar, umhverfisvernd, fjárfestingar, visttengdar iðngreinar, ferðamannaþjónustu og hátækniöðnað. Þróun bandalagsins og starfsemi hins innri markaðar auka þörfina fyrir sambærileg gögn um uppbyggingu launa, launakostnað og starfsmenntun og -þjálfun.
- 8) Þörf er á ítarlegum og áreiðanlegum hagskýrslugrunni til að tryggja rétta beitingu tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði ⁽⁹⁾.
- 9) Samantekt á reikningum landa og svæða samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu gerir það nauðsynlegt að þróa samanburðarhæfan, ítarlegan og áreiðanlegan hagskýrslugrunn.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 146, 13. 6. 1995, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 96, 1. 4. 1996, bls. 236.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 61.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 297, 25. 11. 1989, bls. 2.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 179, 1. 7. 1992, bls. 131.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/8/EB (Stjtið. EB nr. L 82, 25. 3. 1994, bls. 33).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 161, 2. 7. 1993, bls. 68.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB nr. L 49, 21. 2. 1989, bls. 26.

- 10) Þörf er á svæðisbundnum efnahagsvísnum og reikningsskilum.
- 11) Til þess að framkvæmdastjórnin geti leyst af hendi þau verkefni sem henni eru falin í sáttmálunum, einkum að því er varðar hinn innri markað, verður hún að hafa undir höndum ítarlegar, nýjar, áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja innan bandalagsins.
- 12) Stöðlun er nauðsynleg til að mæta þörfum bandalagsins fyrir upplýsingar um efnahagslega samleitni.
- 13) Fyrirtæki og fagfélög þeirra þarfnast upplýsinga af þessum toga til að öðlast skilning á mörkuðum sínum og til að geta borið starfsemi sína og afkomu saman við samkeppnisaðila, svæðisbundið, innanlands og á alþjóðagrundvelli.
- 14) Það er eingöngu á færi bandalagsins sjálfs að setja sameiginlega hagskýrslustaðla um frágang samræmdra gagna. Þessir staðlar verða notaðir í aðildarríkjunum undir stjórn þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum samantekt opinberra hagskýrslna.
- 15) Besta aðferðin til að komast að raun um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja innan bandalagsins er að taka saman hagtölur í samræmi við almennar grundvallarreglur um aðferðafræði og almennar skilgreiningar á breytum. Aðeins með samræmdri samantekt er unnt að setja saman samræmdar hagskýrslur af þeim áreiðanleika, hraða, sveigjanleika og nákvæmni sem krafist er til að koma til móts við þarfr framkvæmdastjórnarinnar og fyrirtækja.
- 16) Skilgreiningin á rekstrareiningum samsvarar einni eða fleiri undirdeildum sem starfræktar eru í fyrirtæki. Til að unnt sé að athuga rekstrareiningu verður fyrirtæki að ráða yfir upplýsingakerfi sem getur gefið upplýsingar um eða reiknað út fyrir hverja rekstrareiningu að minnsta kosti framleiðsluverðmæti, notkun aðfanga, launakostnað og rekstrarafgang ásamt starfsmannafjölda og fjárfestingu. Rekstrareiningar sem falla undir ákveðið flokkunarnúmer í tölfraðilegri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.) geta framleitt vörur sem falla utan einsleitrar framleiðslu rekstrareiningarinnar og getur það stafað af aukastarfsemi sem tengist framleiðslunni og ekki er unnt að aðgreina sérstaklega í tiltækum bókhaldsgögnum. Álykta má að fyrirtækið og rekstrareiningin séu sams konar þegar fyrirtæki reynist ómögulegt að gefa upplýsingar um eða reikna út upplýsingar um öll atriðin sem talin eru upp í þessari málsgrein fyrir eina eða fleiri undirdeildir.
- 17) Hagskýrslugögn, sem tekin eru saman samkvæmt skipulagi bandalagsins, verða að vera viðunandi að gæðum og verða gæðin, sem og fyrirhöfnin sem þeim fylgir, að vera samanburðarhæf milli aðildarríkjanna. Því er nauðsynlegt að ákveða sameiginlega þær viðmiðanir sem gera kleift að mæta þessum kröfum.
- 18) Nauðsynlegt er að einfalda stjórnsýslumeðferð fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar með talið að hvetja til notkunar tækninýjunga við gagnasöfnun og samantekt hagskýrslna. Þó kann ennþá að reynast nauðsynlegt að safna beint frá fyrirtækjum nauðsynlegum gögnum til að taka saman hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, með aðferðum og tækni sem tryggja að þær séu ítarlegar, áreiðanlegar og uppfærðar, án þess að íþyngja hlutadeigandi aðilum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, óþarflega miðað við þann árangur sem eðlilegt er að notendur tédra hagskýrslna geti búist við.
- 19) Undirritun hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS) hefur leitt til þess að með tilliti til stjórnunar og þróunar á samningnum er veruleg þörf fyrir upplýsingar um stærð markaða í löndum undirritunaraðila og hlutdeild þeirra í þessum mörkuðum.
- 20) Nauðsynlegt er að hafa sameiginlegan lagaramma um alla starfsemi og öll svið fyrirtækja, sem hagskýrslur ná yfir, og sem nær einnig til starfsemi og sviða sem hagskýrslur ná ekki til enn sem komið er.
- 21) Með tilskipunum 64/475/EBE ⁽¹⁾ og 72/221/EBE ⁽²⁾, sem voru settar með það í huga að safna samfelldum hagskýrslum, hefur ekki tekist að taka tillit til efnahagslegra og tæknilegra breytinga sem hafa átt sér stað síðan þær voru samþykktar og því ber að fella þær úr gildi.
- 22) Til að unnt sé að skýra nánar reglur um söfnun og tölfraðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna er nauðsynlegt að veita framkvæmdastjórninni, sem nýtur aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fótt með ákvörðun 89/382/EBE, KBE ⁽³⁾, umboð til að samþykkja ráðstafanir til að beita þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja innan bandalagsins.

2. gr.

Markmiðið með samantekt hagskýrslna skal einkum vera að greina:

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 64/475/EBE frá 30. júlí 1964 um samræmdar árlegar kannanir á fjárfestingum í iðnaði (Stjtið. EB nr. L 131, 13. 8. 1964, bls. 2193). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 72/221/EBE frá 6. júní 1972 um samræmdar árlegar kannanir á umsvifum í iðnaði (Stjtið. EB nr. L 133, 10. 6. 1972, bls. 57). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

- i) skipulag og þróun starfsemi fyrirtækja;
- ii) þætti sem notaðir eru við framleiðslu og annað það sem nota má til að mæla starfsemi, afkomu og samkeppnishæfni fyrirtækja;
- iii) fyrirtækja- og markaðsþróun svæðisbundið, í aðildarríkjunum, í bandalaginu og á alþjóðavettvangi;
- iv) stefnu fyrirtækja;
- v) lítil og meðalstór fyrirtæki;
- vi) sérstakar fyrirtækjabreytur sem tengjast tilteknum flokkum starfsemi.

3. gr.

1. Þessi reglugerð tekur til allrar markaðsstarfsemi sem er tilgreind í bálkum C til K og M til O í hinni tölfraðilegu atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.).

2. Þær gerðir hagskýrslueininga, sem eru taldar upp í I. þætti viðaukans við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðsluferfi bandalagsins ⁽¹⁾ og flokkast undir einhverja af þeim greinum starfsemi sem um getur í 1. mgr., skulu falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Notkun tiltekinnna eininga við samantekt hagskýrslna er tilgreind í viðaukunum við þessa reglugerð.

4. gr.

1. Hagtölur, sem ber að taka saman fyrir svæðin sem um getur í 2. gr., skulu flokkaðar í einingar (e. „modules“). Einingarnar eru skilgreindar í viðaukunum við þessa reglugerð.

2. Í hverri einingu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- i) hvaða starfsemi, sem fellur undir gildissviðið sem tilgreint er í 1. mgr. 3. gr., á að taka saman hagtolur um;
- ii) hvaða gerðir hagskýrslueininga ber að nota við samantekt hagtálnanna og sem eru í skránni yfir hagskýrslueiningar sem um getur í 2. mgr. 3. gr.;
- iii) skrár yfir það hvaða breytur skuli taka saman hagtolur um fyrir sviðin sem talin eru upp í 2. gr. og viðmiðunartímabilin fyrir þessar breytur;
- iv) skrá yfir hagtolur sem ber að taka saman um lýðfræði fyrirtækja;
- v) hversu oft hagtolur skulu teknar saman, sem er annaðhvort árlega eða á nokkurra ára fresti. Fari samantekt fram á nokkurra ára fresti, skulu ekki líða meira en 10 ár á milli;

- vi) tímaáætlun sem sýnir fyrstu viðmiðunarár sem taka ber saman hagskýrslur um;
- vii) staðlar um það hversu dæmigerð könnun skal vera og gæðamat;
- viii) frestur frá lokum viðmiðunartímabilsins til að afhenda hagtolurnar;
- ix) hámarksfrestur sem veittur er til aðlögunar.

5. gr.

Einingarnar, sem þessi reglugerð gildir um, eru:

- sameiginleg eining fyrir árlegar hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, skilgreind í 1. viðauka,
- sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag iðnfyrirtækja, skilgreind í 2. viðauka,
- sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja í dreifingarstarfsemi, skilgreind í 3. viðauka,
- sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja í byggingariðnaði, skilgreind í 4. viðauka.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu afla nauðsynlegra gagna til að yfirfara breytur í skránum sem um getur í einingunum í 5. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, með því að beita grundvallarreglunni um einföldun löggjafar og stjórnsýslu, að afla nauðsynlegra gagna með samnotkun ýmissa heimilda eins og tiltekið er hér á eftir:

- skyldukannanir: lögformlegu einingarnar sem hagskýrslueiningarnar, sem aðildarríkin mælast til að láti í té upplýsingar, eru hluti af eða settar saman úr, eru skyldugar til að láta í té nákvæmar og ítarlegar upplýsingar innan tilskilins frests,
- aðrar heimildir sem eru að minnsta kosti jafngildar að því er varðar nákvæmni og gæði,
- tölfraðilegar matsaðferðir, þar sem sumar breytur hafa ekki verið yfirfarnir með tilliti til allra eininganna.

3. Til að draga úr fyrirhöfn svarenda skulu innlend yfirvöld og bandalagsyfirvöld, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin setur með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, hafa aðgang að heimildum gagna í stjórnsýslunni, hver á sinu sviði opinberrar stjórnsýslu, að því marki sem þessi gögn eru nauðsynleg til að uppfylla nákvæmniskröfurnar sem um getur í 7. gr.

⁽¹⁾ Stjótið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, skulu stuðla að aukinni notkun rafræns gagnaflutnings og meiri sjálfvirkni í gagnavinnslu.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innsend gögn endurspegli þýðissamsetningu hagskýrslueininganna sem mælt er fyrir um í viðaukunum.

2. Fara skal fram gæðamat þar sem ávinningur af því að hafa gögnin til reiðu er borinn saman við söfnunarkostnað og fyrirhöfn fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar vegna matsins sem um getur í 2. mgr.

8. gr.

1. Þegar söfnun og mat á gögnum hefur farið fram skulu aðildarríkin ganga frá samburðarhæfum niðurstöðum í samræmi við sundurliðunina sem mælt er fyrir um fyrir hverja einingu í 5. gr.

2. Til að unnt sé að taka saman heildarniðurstöður bandalagsins skulu aðildarríkin ganga frá landsniðurstöðum eftir þeim stigum atvinnugreinaflokunarinnar (NACE, 1. endursk.) sem mælt er fyrir um í einingunum í viðaukunum eða eru ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu afhenda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðurnar, sem mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar, ásamt trúnaðargögnum, í samræmi við gildandi bandalagsákvæði um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum. Þessi bandalagsákvæði skulu gilda um meðferð niðurstaðnanna að svo miklu leyti sem þær hafa að geyma trúnaðargögn.

2. Afhenda skal niðurstöðurnar með viðeigandi tæknilegu sniði og innan frests sem reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem skal ákveðið fyrir hverja einingu samkvæmt 5. gr. en má þó aldrei vera lengra en 18 mánuðir. Þar að auki skal afhenda nokkrar áætlaðar bráðabirgðaniðurstöður innan frests sem reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem skal ákveðið fyrir hverja einingu samkvæmt 5. gr. en má þó aldrei vera lengri en 10 mánuðir.

10. gr.

Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda allar upplýsingar sem varða beitingu reglugerðarinnar í aðildarríkjunum.

11. gr.

1. Heimilt er að samþykkja undanþágur frá ákvæðum viðaukanna á aðlögunartímabilunum ef um það er að ræða að innlend hagskýrslukerfi þarfnist verulegrar aðlögunar.

2. Heimilt er að framlengja aðlögunartímabil aðildarríkis til að taka saman hagskýrslur þegar ógerlegt er að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar vegna undanþága sem veittar voru samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 frá 22. júlí 1993 um samræmingu í bandalaginu á gerð fyrirtækjaskráa með tilliti til hagskýrslna⁽¹⁾.

3. Skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð skulu að fullu koma til framkvæmda í aðildarríkjunum í lok aðlögunartímabilsins.

12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 13. gr., aðferðir til að beita þessari reglugerð ásamt ráðstöfunum til að laga söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna að efnahagslegri og tæknilegri þróun, með hliðsjón af þeirri meginreglu að ávinningur þessa vegi þyngra en kostnaðurinn og að því tilskildu að framkvæmdin krefjist ekki verulegs viðbótarfjármagns, hvorki frá aðildarríkjum né fyrirtækjum, samanborið við upprunaleg ákvæði þessarar reglugerðar. Ákvarðanirnar snerta einkum:

- i) uppfærslu skráa yfir breytur, hagskýrslna um lýðfræði fyrirtækja og bráðabirgðaniðurstaðna, að því tilskildu að slík uppfærsla valdi ekki, að afstöðnu mati á magni, fjölgun eininga sem eftirlit er haft með eða fyrirhöfn sem er ekki í réttu hlutfalli við árangurinn sem búast má við (4. og 9. gr.);
- ii) hversu oft hagtölur skulu teknar saman (4. gr.);
- iii) skilgreiningar á breytunum og mikilvægi þeirra fyrir tiltekna starfsemi (4. gr.);
- iv) skilgreiningar á viðmiðunartímabilinu (4. gr.);
- v) fyrsta viðmiðunarár sem bráðabirgðaniðurstöður eru teknar saman (9. gr.);
- vi) viðmiðanir fyrir gæðamat (7. gr.);
- vii) sundurliðun niðurstaðna, einkum hvaða flokkun skuli notuð og samsetning stærðarflokka (8. gr.);
- viii) viðeigandi tæknilegt snið til afhendingar niðurstaðna (9. gr.);
- ix) uppfærslu á frestum til afhendingar gagna (9. gr.);
- x) aðlögunartímabil og undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar, veittar á því tímabili (11. gr.).

(1) Stjtið. EB nr. L 196, 5. 8. 1993, bls. 1.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlun-arnefndar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.
3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir.

14. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar og á þriggja ára fresti eftir það, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslur sem teknar hafa verið saman samkvæmt þessari reglugerð, einkum um gæði þeirra og fyrirhöfn fyrirtækja.
2. Í skýrslunum, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin leggja til hvers kyns breytingar sem hún telur nauðsynlegar.

15. gr.

Tilskipanir 64/475/EBE og 72/221/EBE falla úr gildi eftir afhendingu allra gagna fyrir viðmiðunarárið 1994.

16. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

S. BARRETT

forseti.

1. VIÐAUKI

SAMEIGINLEG EINING FYRIR ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM SKIPULAG FYRIRTÆKJA

1. þáttur

Markmið

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í aðildarríkjunum.

2. þáttur

Gildissvið

Hagskýrslurnar, sem á að taka saman, varða þau svið sem um getur í i-, ii- og iii-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, einkum greiningu á virðisauka og meginþáttum hans.

3. þáttur

Umfang

1. Taka ber saman hagskýrslur um starfsemi sem talin er upp í 9. þætti.
2. Gera ber forkannanir á þeirri starfsemi sem talin er upp í 10. þætti.

4. þáttur

Breytur

1. Í skránum yfir breytur hér á eftir er tilgreind, ef við á, gerð hagskýrslueiningarinnar sem taka á saman hagtölur um.
2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar reglugerðar, ákveða heiti þeirra breytna sem taka ber saman hagtölur um með tilliti til starfsemi í báلكi J í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.) og sem svara best til þeirra heita sem eru talin upp í 3. til 5. mgr.
3. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|---------------------|------------|
| 11 11 0 | Fjöldi fyrirtækja | |
| 11 21 0 | Fjöldi starfsstöðva | |

4. Fyrirtækjabreytur sem árlega ber að taka saman hagtölur um:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|---|---------------------|
| 12 11 0 | Velta | Valfrjáls afhending |
| 12 12 0 | Framleiðsluverðmæti | |
| 12 14 0 | Virðisauki á grunnverði | |
| 12 15 0 | Virðisauki á þáttaverði | |
| 13 31 0 | Starfsmannakostnaður | |
| 13 11 0 | Heildarkaup á vörum og þjónustu | |
| 13 12 0 | Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi | |
| 15 11 0 | Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna | |
| 16 13 0 | Fjöldi launþega | |

5. Breytur sem árlega ber að taka saman svæðisbundnar hagtölur um:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|--|------------|
| 13 32 0 | Launakostnaður | Valfrjálst |
| 15 11 0 | Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna | |

6. Gera ber forkannanir á breytunum sem eru taldar upp í 10. þætti.

5. þáttur

Fyrsta viðmiðunarár

Almanaksárið 1995 er fyrsta viðmiðunarár fyrir samantekt hagskýrslna.

6. þáttur

Skýrsla um gæði hagtalna

Fyrir hverja þá breytu, sem talin er upp í 4. lið 4. þáttar, skulu aðildarríkin gefa upp nákvæmni sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni, sem kveðið er á um í 14. gr. þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki.

7. þáttur

Frágangur niðurstaðna

- Niðurstöður skulu sundurliðaðar eftir starfsgreinaflokkum sem taldir eru upp í 9. þætti.
- Sumar niðurstöður skulu einnig sundurliðaðar í stærðarflokka fyrir hvern flokk undir bálkum C til G í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 1. endursk.) og eftir flokkunum sem taldir eru upp í 9. þætti fyrir hina bálkana.
- Niðurstöður svæðisbundinna hagskýrslna skulu sundurliðaðar í samræmi við tveggja stafa kerfi atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1. endursk.) (deildir) og II. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS).

8. þáttur

Afhending niðurstaðna

- Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.
- Innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á hagtölum fyrirtækja, sem teknar eru saman um þær breytur sem taldar eru upp hér á eftir, skulu afhentar innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins:

12 11 0 (velta)

16 11 0 (fjöldi starfsmanna)

Þessar bráðabirgðaniðurstöður ber að sundurliða samkvæmt þriggja stafa kerfi atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1. endursk.)(flokkur), nema fyrir bálk H, I, J og K í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 1. endursk.), þar sem þær skulu sundurliðaðar eftir flokkunum sem mælt er fyrir um í 9. þætti.

9. þáttur

Flokkar starfsemi

Eftirfarandi flokkar starfsemi vísa til atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1. endursk.).

BÁLKAR C, D, E og F

Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu; framleiðsla; raf-, gas og vatnsorkuveita; byggingastarfsemi.

Til að unnt sé að taka saman hagskýrslur bandalagsins munu aðildarríkin afhenda landsniðurstöður, sundurliðaðar eftir liðum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1. endursk.).

BÁLKUR G

Heildverslun og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bifhjólum og vörum til einkanota og til heimilisnota.

Til að unnt sé að taka saman hagskýrslur bandalagsins munu aðildarríkin afhenda landsniðurstöður, sundurliðaðar eftir liðum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1. endursk.).

BÁLKUR H

Hótel- og veitingahúsarekstur

55.1 + 55.2 „Hótel“ og „tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar“

55.3 + 55.4 + 55.5 „Veitingahús“ og „vínveitingahús“ og „mötuneyti og sala á tilbúnum mat“

BÁLKUR I

Flutningar, vöruheimsla og samskiptatækni

60.1 Flutningar með járnbrautum

60.21 + 60.22 + 60.23 „Aðrir flutningar á landi“ að undanskildum liðnum „vöruflutningar á vegum“

60.24 Vöruflutningar á vegum

60.3 Flutningar eftir leiðslum

61.1 Úthafs- og strandsiglingar

61.2 Flutningar á vatnaleiðum

62 Flutningar í lofti

63.1 + 63.2 + 63.4 „Flutningaþjónusta“ að undanskildum liðnum „rekstur ferðaskrifstofa og ferðaþjónustu ót.a.“

63.3 „Rekstur ferðaskrifstofa og ferðaþjónustu ót.a.“

64.11 Opinber pósthjónusta

64.12 Boðberaþjónusta önnur en opinber pósthjónusta

64.2 Síma- og fjarskiptaþjónusta

BÁLKUR J

Fjármálaþjónusta

| | |
|-------|---------------------------------|
| 65.11 | Rekstur seðlabanka |
| 65.12 | Rekstur annarra peningastofnana |
| 66.01 | Líftryggingar |
| 66.03 | Aðrar váttryggingar |

BÁLKUR K

Fasteigna-, lána- og viðskiptastarfsemi

| | |
|----------------------------------|--|
| 70 | Fasteignaviðskipti |
| 71.1 + 71.2 | „Bíla-leiga“ og „leiga annarra samgöngutækja“ |
| 71.3 | Önnur véla- og tækjaleiga |
| 71.4 | Leiga á munum til einka- og heimilisnota ót.a. |
| 72 | Starfsemi tengd tölvum |
| 73 | Rannsóknir og þróunarstarf |
| 74.11 + 74.12 + 74.14 + 74.15 | „Lögfræðiþjónusta“ og „bókhaldsþjónusta og endurskoðun; skattaráðgjöf“ „rekstraráðgjöf“ og „stjórnun eignarhaldsfélaga“ |
| 74.13 | Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir |
| 74.2 + 74.3 | „Starfsemi arkitekta og verkfræðinga og skyld tækniráðgjöf“ og „Tæknilegar prófanir og greining“ |
| 74.4 | Auglýsingastarfsemi |
| 74.5 | Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta |
| 74.6 | Eftirgrennslan og öryggisþjónusta |
| 74.7 | Ræstingar |
| 74.8 | Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta ót.a. |

10. þáttur

Skýrslur og forkannanir

1. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um skilgreiningu, uppbyggingu og tiltækileika upplýsinga um hagskýrslueiningar sem flokkaðar eru í 652. flokk, 6602. lið, 67. deild og bálka M til O í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 1. endursk.). Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar reglugerðar, láta hefja röð forkannana fyrir þessa starfsemi sem aðildarríkin skulu ljúka eigi síðar en fyrir viðmiðunarárið 1998. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hvort hagkvæmt er að safna nauðsynlegum gögnum til að taka saman niðurstöður fyrir þessa starfsemi, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við söfnunarkostnað og fyrirhöfn fyrirtækja.
2. Að því er varðar starfsemina, sem talin er upp í 9. þætti, skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um tiltækileika gagna sem þarf til að taka saman niðurstöður um eftirfarandi breytur:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|---|----------------------------|
| 12 18 0 | Tekjur umfram gjöld | Eingöngu lögpersónur |
| 14 11 0 | Velta af afhendingu vöru og þjónustu innan bandalagsins | |
| 14 12 0 | Velta af útflutningi vöru og þjónustu til landa utan bandalagsins | |
| 14 21 0 | Kaup á vörum og þjónustu innan bandalagsins | |
| 14 22 0 | Innflutningur á vörum og þjónustu frá löndum utan bandalagsins | |
| 15 11 0 | Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum | Eingöngu svæðisbundin gögn |

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar reglugerðar, láta hefja röð forkannana fyrir þessar breytur sem aðildarríkin skulu ljúka eigi síðar en fyrir viðmiðunarárið 1998. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hvort hagkvæmt er að safna nauðsynlegum gögnum til að taka saman niðurstöður fyrir þessar breytur, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við söfnunarkostnað og fyrirhöfn fyrirtækja.

3. Að því er varðar bálka G til K í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 1. endursk.) skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um tiltækileika gagna sem nauðsynleg eru við sundurliðun niðurstaðna samkvæmt viðmiðuninni um meirihlutastjórn af hálfu fyrirtækja sem eru með aðsetur erlendis samkvæmt skilgreiningum GATS-samningsins. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar reglugerðar, láta hefja röð forkannana fyrir þessa sundurliðun sem skal lokið eigi síðar en fyrir viðmiðunarárið 1998. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hvort hagkvæmt er að safna nauðsynlegum gögnum til að taka saman niðurstöður fyrir þessa sundurliðun, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við söfnunarkostnað og fyrirhöfn fyrirtækja.
4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu um möguleikana á að taka saman hagtölur um þá starfsemi, breytur og sundurliðun sem talin er upp í 1., 2. og 3. mgr. og láta fylgja með tilmæli um að einhverri eða allri þessari starfsemi, breytum og sundurliðunum verði bætt við skrárnar í 4., 7. og 9. þætti.

11. þáttur

Aðlögunartímabil

Að því er varðar sameiginlegu eininguna, sem skilgreind er í þessum viðauka, má aðlögunartímabilið ekki vera lengra en fjögur ár að telja frá fyrsta viðmiðunarárinu, sem taka ber saman hagskýrslur um, sem um getur í 5. þætti.

2. VIÐAUKI

SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR HAGSKÝRSLUR UM SKIPULAG IÐNFYRIRTÆKJA

1. þáttur

Markmið

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu iðnfyrirtækja.

2. þáttur

Gildissvið

Hagskýrslurnar, sem á að taka saman, varða þau svið sem um getur í i-, ii-, iii-, iv- og v-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, einkum:

- aðalskrá um hagtölur til ítarlegrar greiningar á skipulagi, starfsemi, afkomu og samkeppnishæfni í iðnstarfsemi,
- aukaskrá um hagtölur til athugunar á sérstökum viðfangsefnum.

3. þáttur

Umfang

Hagskýrslur skulu teknar saman um alla þá starfsemi sem flokkuð er undir bálka C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE 1. endursk.). Þessir bálkar ná yfir námugróft og vinnslu hráefna úr jörðu (C), framleiðslu (D) og raf-, gas- og vatnsorkuveitu (E). Fyrirtækjahagskýrslur skulu ná yfir þýði allra fyrirtækja sem flokkuð eru eftir aðalstarfsemi sinni í bálka C, D og E.

4. þáttur

Breytur

- 8) Markmiðið með þessari reglugerð er að setja lagaramma um gerð hagskýrslna bandalagsins. Setja ber ákvæði um skipulagningu hagskýrslugerðar bandalagsins en nánar verður kveðið á um hana í tengslum við sérstakar hagskýrsluáðgerðir.
- 9) Í þessari reglugerð er ábyrgð innlendra yfirvalda og bandalagsyfirlvaldsins við gerð hagskýrslna bandalagsins skilgreind í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 3. gr. b í sáttmálanum.
- 10) Við hagskýrsluáætlanagerð ber nefndunum, sem ráðið skipaði á tilteknum sviðum hagskýrslugerðar, að gegna þeim störfum sem þeim hafa verið falin.
- 11) Nánar skal kveðið á um hvaða aðferðir og skilyrði skulu gilda við framkvæmd hagskýrsluáætlunar bandalagsins í tengslum við sérstakar hagskýrsluáðgerðir.
- 12) Miðlun er hluti af framleiðsluferli hagskýrslna bandalagsins.
- 13) Með það í huga að vekja traust aðila, sem láta upplýsingar í té, og viðhalda því er mikilvægt að vernda trúnaðarupplýsingar sem hagskýrslustofnanir einstakra landa og bandalagsins þurfa að safna til að gera hagskýrslur bandalagsins. Í öllum aðildarríkjunum ber að fylgja sömu meginreglum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 52, 21. 2. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 106, 14. 4. 1994, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 109, 1. 5. 1995, bls. 321.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 195, 18. 7. 1994, bls. 1.

⁽⁴⁾ Álitum var skilað 7. febrúar 1995.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

- 14) Með þetta í huga er nauðsynlegt að smíða sameiginlegt hugtak yfir hvað telst trúnaðargögn til að nota í tengslum við hagskýrslugerð bandalagsins.
- 15) Við smíði hugtaksins skal tekið mið af því að sum innlend yfirvöld líta á gögn, sem koma frá heimildum sem almenningur hefur aðgang að, sem trúnaðargögn samkvæmt landslögum.
- 16) Sérstakar reglur um gagnavinnslu innan ramma hagskýrsluáætlunar bandalagsins hafa ekki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾.
- 17) Í samræmi við sáttmálann ber Peningamálastofnun Evrópu tiltekna ábyrgð, að því er varðar hagskýrsluupplýsingar, sem henni ber að axla án þess að leita leiðbeininga eða fá leiðbeiningar frá stofnunum eða aðilum bandalagsins, stjórnvöldum aðildarríkja eða einhverjum öðrum aðila. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi samræmi á milli viðkomandi verkefna innlendra yfirvalda og bandalagsyfirvalda sem taka þátt í hagskýrslugerð bandalagsins annars vegar og starfsemi Peningamálastofnunar Evrópu hins vegar.
- 18) Seðlabankar aðildarríkjanna skulu, í síðasta lagi á stofndegri Seðlabankakerfis Evrópu, hafa hlotið sjálfstæði frá stofnunum eða samtökum í bandalaginu, ríkisstjórnnum aðildarríkjanna og öðrum. Í II. áfanga Efnahags- og myntbandalagsins ber aðildarríkjunum að innleiða og ljúka ferlinu sem er ætlað að tryggja sjálfstæði seðlabanka aðildarríkja.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem komið var á fót með ákvörðun 91/115/EBE ⁽²⁾, og evrópsku ráðgjafarnefndina um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála sem komið var á fót með ákvörðun 91/116/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja lagaramma um kerfisbundna og skipulagða hagskýrslugerð bandalagsins sem hægt er að nota til að skapa, framkvæma, fylgja eftir og meta stefnumið bandalagsins.

Innlend yfirvöld skulu bera ábyrgð á hagskýrslugerð bandalagsins á innlendum vettvangi og bandalagsyfirvald á vettvangi bandalagsins, í samræmi við dreifræðisregluna.

Til að tryggja að niðurstöður séu samanburðarhæfar skulu hagskýrslur bandalagsins gerðar samkvæmt samræmdum stöðlum og í sérstökum vel rökstuddum tilvikum, með samhæfðum aðferðum.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „hagskýrslur bandalagsins“: safn mælanlegra, dæmigerðra upplýsinga, sem aflað er með söfnun og kerfisbundinni úrvinnslu gagna, unnar af innlendum yfirvöldum og bandalagsyfirvaldinu innan framkvæmdarramma hagskýrsluáætlunar bandalagsins samkvæmt 2. mgr. 3. gr.,
- „hagskýrslugerð“: ferli sem felur í sér allar nauðsynlegar aðgerðir til söfnunar, geymslu, úrvinnslu, samantektar, greiningar og miðlunar hagskýrsluupplýsinga,
- „innlend yfirvöld“: hagstofur aðildarríkjanna og aðrir aðilar, sem eru ábyrgir fyrir hagskýrslugerð bandalagsins í hverju aðildarríki,
- „bandalagsyfirvald“: sú deild innan framkvæmdastjórnarinnar sem framkvæmdastjórnin hefur fengið það verkefni að annast hagskýrslugerð bandalagsins (Hagstofa Evrópubandalaganna).

II. KAFLI

Hagskýrsluáætlun bandalagsins og framkvæmd hennar

3. gr.

1. Ráðið skal, í samræmi við viðkomandi ákvæði sáttmálans, samþykkja hagskýrsluáætlun bandalagsins þar sem skilgreindar eru aðferðir, meginsvið og markmið þeirra aðgerða sem fyrirhugaðar eru á næstu fimm árum hið mesta.

Öll hagskýrslugerð bandalagsins skal fara fram innan ramma hagskýrsluáætlunar bandalagsins. Hana má uppfæra ef nauðsyn krefur.

Framkvæmdastjórnin skal semja skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar í lok tímabilsins sem áætlunin tekur til.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina viðmiðunarreglur um hagskýrsluáætlanagerð bandalagsins til forskoðunar, sem og fyrir evrópsku ráðgjafarnefndina um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, með hliðsjón af valdsviði hvorrar um sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 59, 6. 3. 1991, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 59, 6. 3. 1991, bls. 21.

2. Hagskýrsluáætlun bandalagsins, sem um getur í 1. mgr, skal framkvæmd með sérstökum hagskýrsluáðgerðum. Þessar aðgerðir eru:

- a) ákveðnar af ráðinu í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans; eða
- b) ákveðnar af framkvæmdastjórninni samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 6. gr. og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.; eða
- c) ákveðnar með samningi milli innlendra yfirvalda og bandalagsyfirvaldsins með hliðsjón af valdsviði hvors aðila um sig.

3. Ár hvert, fyrir lok máí, skal framkvæmdastjórnin leggja vinnuáætlun sína fyrir komandi ár fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina til skoðunar. Í áætluninni skal einkum tilgreina:

- aðgerðir sem framkvæmdastjórnin telur að hafi forgang, að teknu tilliti til fjárhagslegra takmarkana bæði í aðildarríkjunum og í bandalaginu,
- málsmeðferð og hverja þá lagagerninga sem framkvæmdastjórnin hefur fyrirhugað til að framkvæma áætlunina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ytrasta tillit til athugasemda hagskýrsluáætlunarnefndarinnar. Framkvæmdastjórnin mun grípa til þeirra ráða sem hún álitur best við eiga.

4. gr.

Í frumkvæði sínu um sérstakar hagskýrsluáðgerðir, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 3. gr., tilgreinir framkvæmdastjórnin:

- rök til stuðnings fyrirhuguðum aðgerðum, einkum í ljósi stefnumiða bandalagsins á viðkomandi sviði,
- nákvæmlega hver markmiðin með aðgerðunum eru, og mat á væntanlegum árangri,
- verklagsreglur við framkvæmd aðgerðanna, gildistíma og hvaða hlutverki innlend yfirvöld og bandalagsyfirvaldið eiga að gegna,
- hlutverk þar til bærra sérfræðinganefnda,
- leiðir til að draga úr fyrirhöfn svarenda eins og unnt er,
- greiningu á kostnaðarhagkvæmni þar sem tekið er tillit til þeirra útgjalda sem aðgerðin hefur í för með sér fyrir bandalagið og aðildarríkin,
- alþjóðleg tilmæli við hagskýrslugerð sem fylgja skal.

5. gr.

Skylt er að skilgreina í lögum, sem ráðið eða framkvæmdastjórnin samþykkir í tilvikum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 3. gr., þá þætti sem eru nauðsynlegir til að ná því stigi gæða og samanburðarhæfni sem krafist er í hagskýrslum bandalagsins.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin getur tekið ákvörðun um sérstaka hagskýrsluáðgerð, eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 3. gr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- aðgerðin má ekki gilda lengur en eitt ár,
- gögnin, sem á að safna, verða þegar að vera til eða aðgengileg hjá lögbærum innlendum yfirvöldum eða, í undantekningartilvikum, gögn sem unnt er að safna beint,
- framkvæmdastjórnin skal taka á sig hvers konar aukakostnað innanlands sem leiðir af ráðstöfuninni.

7. gr.

Þegar hagskýrslugerð bandalagsins er tilkomin vegna samnings milli innlendra yfirvalda og bandalagsyfirvaldsins, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 3. gr., skal það ekki hafa í för með sér neina skuldbindingu fyrir svarendur, nema mælt sé fyrir um slíka skuldbindingu í landslögum.

8. gr.

Framkvæmd sérstakra hagskýrsluáðgerða er á ábyrgð innlendra yfirvalda, nema annað sé tekið fram í löggerningi ráðsins. Leysi innlend yfirvöld þetta verkefni ekki af hendi getur bandalagsyfirvaldið framkvæmt sérstakar hagskýrsluáðgerðir að fengnu ótvíræðu samþykki hlutaðeigandi innlends yfirvalds.

9. gr.

Til að tryggja nauðsynlega samfellu í gerð hagskýrslna, sem eiga að standast kröfur um upplýsingar í hverju tilviki, skal framkvæmdastjórnin hafa nána samvinnu við Peningamálastofnun Evrópu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra meginreglna sem skilgreindar eru í 10. gr. Hagskýrslunefndin um peningamál, fjármál og greiðsluöfnuð skal taka þátt í þessu samvinnuferli, innan valdsviðs síns.

Enda þótt Peningamálastofnunin og seðlabankar aðildarríkjanna taki ekki þátt í hagskýrslugerð bandalagsins, í samræmi við c-lið 2. mgr. 3. gr., er innlendum yfirvöldum og bandalagsyfirvaldinu heimilt að nota beint eða óbeint gögn seðlabankanna við hagskýrslugerð bandalagsins, að gerðum samningi innanlands milli seðlabanka aðildarríkis og bandalagsyfirvaldsins, með hliðsjón af valdsviði þeirra og með fyrirvara um áður gert innlent samkomulag milli seðlabanka aðildarríkisins og innlenda yfirvaldsins.

III. KAFLI

Meginreglur

10. gr.

Með það í huga að tryggja sem best siðferðileg og fagleg sjónarmið skulu meginreglurnar um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og gagnsæi hafðar í hávegum í hagskýrslum bandalagsins.

Meginreglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein eru skilgreindar sem hér segir:

„Óhlutdrægni“: hagskýrslur bandalagsins eru gerðar á grundvelli hlutleysis og sjálfstæðis án þrýstings af neinu tagi frá stjórnmalaflokkum eða hagsmunahópum, einkum að því er varðar val á tækni, skilgreiningum og aðferðum sem best eru til þess fallnar að ná markmiðunum eins og þau eru sett fram. Óhlutdrægni felur í sér að allir notendur skuli hafa greiðan aðgang að hagskýrslum eins fljótt og auðið er (stofnanir bandalagsins, ríkisstjórnir, þeir sem starfa að efnahags- og félagsmálum, háskólafolk, fræðimenn og allur almenningur).

„Áreiðanleiki“: hagskýrslur bandalagsins eru gerðar á þann hátt að þær gefi eins sanna mynd af raunveruleikanum, sem þeim er ætlað að lýsa, og kostur er á. Áreiðanleiki felur í sér að visindalegar viðmiðanir eru notaðar við val á heimildum, aðferðum og verklagsreglum. Hvers kyns upplýsingar um umfang, aðferðir, verklagsreglur og heimildir gera gögnin einnig áreiðanlegri.

„Mikilvægi“: hagskýrslur bandalagsins eru gerðar á grundvelli skýrt skilgreindra krafna sem ákvarðast af markmiðum bandalagsins. Kröfurnar ákvarða svið skýrslanna, gildi þeirra og umfang sem ætíð ætti að haldast í hendur við lýðfræðilega, efnahagslega og félagslega þróun og framfarir á sviði umhverfismála. Gagnasöfnun ber að takmarka við það allra nauðsynlegasta til að fá megi þær niðurstöður sem óskað er. Hætta ber gerð hagskýrslna, sem ekki eru lengur mikilvægar fyrir markmið bandalagsins.

„Kostnaðarhagkvæmni“: hagskýrslur bandalagsins eru gerðar með hámarksnýtingu allra meðula sem fyrir hendi eru og fyrirhöfn svarenda er haldið í lágmarki. Vinnan og kostnaðurinn, sem hagskýrslugerð hefur í för með sér, skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi niðurstaðnanna/ávinningans sem vonast er eftir.

„Trúnaðarkvaðir í hagskýrslum“: upplýsingar, sem tengjast einstökum hagskýrslueiningum og er aflað beint til nota í hagtolum eða óbeint frá stjórnsýslunni eða öðrum heimildum, skal vernda gegn broti á hvers konar trúnaði. Þannig er komið í veg fyrir að gögnin, sem aflað er, séu notuð í öðrum tilgangi en til hagskýrslugerðar eða séu afhjúpuð ólöglega.

„Gagnsæi“: svarendur eiga rétt á að fá upplýsingar um lagagrunninn, í hvaða tilgangi beðið er um gögnin og hvaða

ráðstafanir eru gerðar til að vernda þau. Yfirvöld, sem sjá um að safna hagskýrslum bandalagsins, skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að veita slíkar upplýsingar.

IV. KAFLI

Miðlun

11. gr.

1. Með miðlun er átt við að hagskýrslur bandalagsins séu gerðar aðgengilegar notendum.

2. Miðlun skal fara fram með þeim þætti að greiður aðgangur sé að hagskýrslum bandalagsins og að allir í bandalaginu njóti jafnréttis að þessu leyti.

3. Bandalagsyfirvaldið og innlend yfirvöld skulu, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, annast miðlun hagskýrslna bandalagsins.

12. gr.

Niðurstöðum úr hagskýrslum bandalagsins skal miðlað með sömu tíðni og bandalagsyfirvaldið fær niðurstöður frá aðildarríkjunum. Miðlunin skal, að því marki sem mögulegt er og án þess að það hafi áhrif á gæði hjá bandalaginu, fara fram áður en kemur að næstu afhendingu niðurstaðna aðildarríkjanna til bandalagsyfirvaldsins.

V. KAFLI

Trúnaðarkvaðir í hagskýrslum

13. gr.

1. Gögn, sem innlend yfirvöld og bandalagsyfirvaldið nota við hagskýrslugerð bandalagsins, skulu teljast trúnaðargögn ef mögulegt er að bera kennsl á hagskýrslueiningar, beint eða óbeint, og afhjúpa þannig upplýsingar.

Þegar ákvarðað er hvort mögulegt sé að bera kennsl á hagskýrslueiningu skal tekið tillit til allra leiða sem af sanngirni má telja líklegt að þriðji aðili gæti notað til að bera kennsl á téða hagskýrslueiningu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu gögn, sem koma frá heimildum sem almenningur hefur og mun áfram hafa aðgang að hjá innlendum yfirvöldum samkvæmt landslögum, ekki teljast til trúnaðargagna.

14. gr.

Afhending trúnaðargagna, sem ekki er mögulegt að bera kennsl á, frá einum innlendum yfirvöldum til annarra eða frá innlendum yfirvöldum til bandalagsyfirvaldsins er heimil að því marki sem slík afhending er nauðsynleg fyrir gerð tiltekinna hagskýrslna bandalagsins. Innlenda yfirvaldið, sem safnaði gögnunum, verður að gefa sérstaklega leyfi fyrir öllum frekari afhendingum.

15. gr.

Innlendu yfirvöldunum og bandalagsyfirvaldinu skal einungis heimilt að nota trúnaðargögn, sem er aflað vegna hagskýrslugerðar bandalagsins og eru eingöngu til þess ætluð, í því sama skyni nema svarendur hafi á ótvíræðan hátt veitt samþykki til annarra nota.

16. gr.

1. Til að draga úr fyrirhöfn svarenda, samanber þó 2. mgr., skulu innlend yfirvöld og bandalagsyfirvaldið hafa aðgang að gagnasöfnum stjórnsýslunnar, hver á sínu sviði opinberrar stjórnsýslu, að því marki sem þessi gögn eru nauðsynleg við hagskýrslugerð bandalagsins.

2. Hvert aðildarríki um sig og framkvæmdastjórnin skulu, innan ramma valdsviðs síns, ákveða hvaða fyrirkomulag og ,ef með þarf, takmarkanir og skilyrði skuli sett fyrir því að fá greiðan aðgang að gögnunum.

3. Notkun trúnaðargagna, sem innlend yfirvöld eða bandalagsyfirvaldið fá frá stjórnsýslunni eða öðrum heimildum til hagskýrslugerðar bandalagsins, hefur ekki áhrif á notkun gagnanna í þeim tilgangi sem þeim var upphaflega safnað.

17. gr.

1. Innlenda yfirvaldið, sem skal sjá um að afla trúnaðargagna við gerð hagskýrslna bandalagsins, getur veitt aðgang að slíkum gögnum í vísindaskyni ef gildandi öryggisstig í upprunalandinu og, ef við á, í notkunarlöndinu er tryggt í samræmi við þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 18. gr.

2. Bandalagsyfirvaldið getur veitt aðgang í vísindaskyni að trúnaðargögnum, sem því hefur verið afhent samkvæmt 14. gr., ef innlenda yfirvaldið, sem lét umbeðin gögn í té, hefur veitt ótvírætt samþykki fyrir slíkri notkun.

18. gr.

1. Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir á sviði laga, stjórnsýslu, tækni og skipulags á vettvangi aðildarríkjanna og bandalagsins til að tryggja raunverulegt og röklegt vistunaröryggi trúnaðargagna, og að tryggja að við miðlun hagskýrslna bandalagsins eigi sér ekki stað óheimil birting eða notkun í öðru skyni en til hagskýrslugerðar.

2. Embættismenn og aðrir starfsmenn innlendra yfirvalda eða bandalagsyfirvaldsins, sem hafa aðgang að gögnum er heyra undir löggjöf bandalagsins um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, skulu bundnir slíkri trúnaðarskyldu, jafnvel eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

VI. KAFLI

Lokaákvæði

19. gr.

1. Í því tilviki, sem um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr., skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veiga eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

20. gr.

1. Við samþykkt nauðsynlegra ráðstafana til framkvæmdar V. kafla, einkum þeirra sem er ætlað að tryggja að öll innlendu yfirvöldin og bandalagsyfirvaldið beiti sömu meginreglum og lágmarksstöðlum, til að koma í veg fyrir að trúnaðargögn úr hagskýrslum bandalagsins séu afhjúpuð, og sömu skilyrðum um aðgang í vísindaskyni, samanber 2. mgr. 17. gr., að því er varðar trúnaðargögn í vörslu bandalagsyfirvaldsins, skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum sem var komið á fót með 7. gr. reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ⁽¹⁾.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veiga eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

⁽¹⁾ Stjótið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað.

22. gr.

b) Séu ráðstafanirnar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að greina ráðinu tafarlaust frá þeim.

Hagskýrslur, sem gerðar eru á grundvelli fyrirbyggjandi löggæringa bandalagsins, skulu teljast hagskýrslur bandalagsins, óháð því hvaða málsmeðferð hefur verið notuð við ákvarðanatökuna.

Ef svo ber undir skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjú mánuði frá því að tillagan var lögð fyrir ráðið.

Hagskýrslur, sem innlend yfirvöld og bandalagsyfirvaldið hafa gert eða munu gera samkvæmt rammaáætlun um forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993—1997, sem kveðið er á um í ákvörðun 93/464/EBE ⁽¹⁾, teljast hagskýrslur bandalagsins.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreininni hér að framan.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

21. gr.

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB.

2. Í stað 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (KBE, EBE) nr. 1588/90 komi eftirfarandi:

„1. hagskýrslugögn háð trúnaðarkvöðum: gögn sem eru skilgreind í 13. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins ^(*).

^(*) Stjtið. EB nr. L 52, 22. 2. 1997, bls. 1.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ZALM

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 23/97**frá 20. desember 1996****um tölfræðilegar upplýsingar um stig og samsetningu launakostnaðar(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af drögum að reglugerð sem framkvæmdastjórnin lagði fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því skyni að framkvæma þau verkefni, sem framkvæmdastjórninni er falið, er nauðsynlegt að henni sé greint frá stigi, þróun og samsetningu launakostnaðar vinnuveitenda og launa starfsmanna í aðildarríkjunum.

Þróun bandalagsins og starfsemi eins óskipts markaðar auka þörf fyrir sambærileg gögn um stig, þróun og samsetningu launakostnaðar vinnuveitenda og launa starfsmanna, einkum í því skyni að greina vöxt, samkeppnishæfni, atvinnustig, hvaða árangur hefur orðið á sviði efnahagslegrar og félagslegrar samheldni og til að fá áreiðanlegan samanburð milli aðildarríkjanna og svæða bandalagsins.

Heppilegasta aðferðin til að meta ástandið, að því er varðar stig, þróun og samsetningu launakostnaðar vinnuveitenda og launa starfsmanna, er að gera sértækar hagskýrslur um launakostnað, eins og síðast var gert árið 1993 í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3949/92 frá 21. desember 1992 um framkvæmd könnunar á launakostnaði í iðnaði og þjónustugreinum⁽¹⁾ með tilvísun til bókhaldsgagna frá árinu 1992.

Vegna breytilegs umfangs og samsetningar útgjalda fyrirtækja vegna launa og launatengdra gjalda vinnuveitenda er nauðsynlegt að gera nýjar hagskýrslur fyrir bandalagið á grundvelli bókhaldsgagna frá árinu 1996 til að uppfæra niðurstöður fyrir könnunar.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2223/96⁽²⁾ er evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Evrópubandalaginu (EPK-95) viðmiðun

fyrir staðla, skilgreiningar og reikningsskilavenjur í aðildarríkjunum til þess að mæta þörfum bandalagsins. Því er brýnt að komið sé á ítarlegum, áreiðanlegum og sambærilegum hagskýrslugrundvelli svæðisbundið og á landsvísi. Sundurliðun breytna ber að takmarka við það sem er nauðsynlegt til að tryggja samanburðarhæfni við fyrri kannanir og samhæfi við kröfur varðandi þjóðhagsreikninga.

Ekki er unnt að gera marktækan samanburð á grundvelli þeirra hagskýrslna sem eru til reiðu í hverju aðildarríki, einkum vegna þess hversu ólík lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna eru. Gerð hagskýrslna bandalagsins og úrvinnsla niðurstaðna þeirra verður því að fara fram á grundvelli sameiginlegra skilgreininga og samræmdra aðferða.

Í samræmi við dreifræðisregluna er fyrirhugað að setja sameiginlega hagskýrslustaðla sem gera kleift að taka saman samræmdar upplýsingar en auðveldara er að ná markmiðum þeirrar aðgerðar á vettvangi bandalagsins vegna umfangs hennar og áhrifa. Þessir staðlar verða teknir upp í hverju aðildarríki fyrir sig á ábyrgð þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum samantekt opinberra hagskýrslna.

Samkvæmt ákvörðun ráðsins nr. 93/464/EBE frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993—1997⁽³⁾ er gerð hagskýrslna bandalagsins um launakostnað eitt af forgangsverkefnum á sviði hagskýrslugerðar 1993—1997.

Í löndum, sem hafa yfir að ráða hagskýrslugögnum frá stjórnsýslunni eða öðrum heppilegum hagskýrsluheimildum, kann að vera unnt að nota þessi gögn, ef til vill í tengslum við einfaldan spurningalista, ef sú aðferð samrýmist viðurkenndum skilgreiningum og aðferðum og unnt er að finna þar upplýsingar um allar breytur sem krafist er.

Nauðsynlegt er að einfalda stjórnsýslumeðferð með tilliti til fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar með talið að stuðla að notkun nýrrar tækni við söfnun og samantekt gagna. Þó kann enn að reynast nauðsynlegt að safna gögnum, sem eru nauðsynleg vegna hagskýrslna um launakostnað, beint frá fyrirtækjum með tæmandi, áreiðanlegum og nútímalegum aðferðum, án þess að valda hlutadeigandi, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, óþarflega mikilli fyrirhöfn miðað við niðurstöðurnar sem notendur tédra hagskýrslna hafa ástæðu til að búast við.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 6, 10.1.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 404, 31. 12. 1992, bls. 7.

(²) Stjtið. EB nr. L 310, 30. 11. 1996, bls. 1.

(³) Stjtið. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

Það virðist við hæfi að setja undanþáguákvæði fyrir tiltekin aðildarríki og taka til greina vissa tækniörðugleika sem þessi aðildarríki eiga við að etja við söfnun upplýsinga af vissum toga, að því tilskildu að það komi ekki niður á gæðum hagskýrsluupplýsinganna.

Hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna, sem var komið á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE⁽¹⁾ og framkvæmdastjórnin hafði samráð við samkvæmt 3. gr. téðrar ákvörðunar, hefur lýst sig samþykka þessari tillögu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almenn ákvæði

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, skulu láta vinna bandalagshagskýrslur um stig og samsetningu launakostnaðar vinnuveitenda í þeim atvinnugreinum sem skilgreindar eru í 3. gr.

2. gr.

Viðmiðunartímabil

Hagskýrslurnar skulu unnar á grundvelli hagskýrsluupplýsinga fyrir fjárhagsárið 1996, að teknu tilliti til sérákvæða sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildissvið

Hagskýrslurnar skulu taka til allrar þeirrar atvinnustarfsemi sem er skilgreind í bálkum C (námuörfotur og vinnsla hráefna úr jörðu), D (iðnaður), E (rafmagns-, gas- og vatnsveitur), F (byggingastarfsemi), G (heildverslun, smásöluverslun; viðgerðir á bílum, bifhjólum og hlutum til einka- og heimilisnota) H (hótel- og veitingahúsarekstur), flokki 63.3 (rekstur ferðaskrifstofa og ferðaþjónustu ót.a.) í bálki I (flutningar, vörugemysla og samskiptatækni), deildum 65 (fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða) og 66 (starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða, þó ekki lögboðnar almannatryggingar) í bálki J (fjármálaþjónusta) og bálki K (fasteigna-, lána- og viðskiptastarfsemi) í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, sem hér á eftir er nefnd „NACE, 1. endursk.“ og stofnað var til með reglugerð (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins⁽²⁾, með fyrirvara um sérákvæðin sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. gr.

Upplýsingakröfur

Samantekt hagskýrslna um launakostnað skal byggð á einhverjum hagskýrslueininganna sem skilgreindar eru í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðsluferfi bandalagsins⁽³⁾ og skulu skýrslurnar veita upplýsingar um starfsstöðvar sem flokkaðar eru eftir aðalstarfsemi sinni, eftir svæðum, að minnsta kosti á 1. stigi hagskýrslusvæðaflokkunar (NUTS 1), sem framkvæmdastjórnin kom á fót, og eftir stærðarflokkum sem miðast við fjölda starfsmanna í fyrirtækinu sem starfsstöðvagnar heyra undir. Aðeins er krafist upplýsinga um fyrirtæki með minnst 10 starfsmenn.

5. gr.

Upplýsingar sem krafist er

Safna ber gögnum um:

1. heildarlaunakostnað, þar með talið: greiðslur til starfsmanna; kostnað af starfsmenntun og -þjálfun; önnur útgjöld, skatta og niðurgreiðslur sem tengjast beinlínis launakostnaði,
2. heildarfjöldi starfsmanna,
og
3. vinnutíma,

með fyrirvara um sérákvæðin sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

6. gr.

Gagnasöfnun

1. Gera skal könnun á vegum viðkomandi hagstofa aðildarríkjanna sem ákveða heppilegar aðferðir til að safna upplýsingunum.
2. Vinnuveitendur og aðrir einstaklingar, sem beðnir eru um upplýsingar, skulu svara spurningunum sannleikanum samkvæmt, ítarlega og innan þeirra tímamarka sem sett eru. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ekki sé staðið við þá skuldbindingu að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 5. gr.
3. Óþarf er að gera könnunina ef aðildarríkin hafa yfir að ráða upplýsingum úr öðrum viðeigandi heimildum eða ef þau geta lagt fram mat á nauðsynlegum gögnum með notkun tölfræðilegra ályktunaraðferða í þeim tilvikum þegar sum eða öll atriðin hafa ekki verið athuguð fyrir allar einingarnar sem taka á samanlagtölur um. Upplýsingar úr öðrum viðeigandi heimildum eða mat á

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 293, 24. 10. 1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 761/93 (Stjtið. EB nr. L 83, 3. 4. 1993, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

nauðsynlegum gögnum má því aðeins nota að það sé að minnsta kosti jafngilt kröfum könnunarinnar að því er varðar nákvæmni, gæði og gildi.

4. Við val á heimildum og samsetningu þeirra og við notkun matsins sem um getur í 3. mgr. skulu aðildarríkin taka tillit til þeirrar fyrirhafnar sem fyrirtækjum er bakað, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem og til krafna um dæmigert úrtak samkvæmt 7. gr.

5. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda henni allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að beita ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum um aðferðirnar sem beitt er, og skal, einkum þegar gögn koma frá stjórnsýslunni, afhenda allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta megí áreiðanleika þeirra og samanburðarhæfni.

7. gr.

Dæmigert úrtak

Tryggja ber áreiðanleika og samanburðarhæfni hagskýrslna með því að hafa nógu stórt úrtak til að hlutfallsleg staðalskekkja fyrir breytuna „launakostnaður á klukkustund“ í hverri deild í NACE, 1. endursk., verði ekki meiri en 3%.

8. gr.

Úrvinnsla niðurstaðna

Hagstofur aðildarríkjanna skulu vinna úr svörum við spurningunum, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eða upplýsingum úr öðrum heimildum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., þannig að sambærilegar niðurstöður fáiast.

9. gr.

Afhending niðurstaðna

Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksársins sem svarar til viðmiðunartímabilsins, ásamt trúnaðargögnum, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins⁽¹⁾.

10. gr.

Fyrirkomulag framkvæmdar

Mæla skal fyrir um fyrirkomulag framkvæmdar þessarar reglugerðar, einkum:

- skilgreiningar sem nota skal,
- sundurliðun á breytunum,
- viðmiðunarreglur um nákvæmni og gæði,
- viðeigandi form á afhentum breytum, og
- niðurstöður sem á að afhenda,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr.

11. gr.

Málsmeðferð

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar Evrópubandalaganna, hér á eftir kölluð „nefndin“.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirliðnum hér að framan.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(¹) Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

S. BARRETT

forseti.

*VIÐAUKI**SÉRÁKVÆÐI***I. Undanþágur frá viðmiðunartímabilinu (2. gr.)**

Fyrir Svíþjóð: fjárhagsárið 1997, að því tilskildu að látið verði í té mat fyrir viðmiðunarárið 1996.

II. Undanþágur frá gildissviði könnunarinnar (3. gr.)

1. Fyrir öll aðildarríkin: liður 65.11.
2. Fyrir Þýskaland: bálkur K, flokkur 63.3 í bálki I.
3. Fyrir Grikkland: bálkur K.
4. Fyrir Frakkland og Portúgal: 73. deild í bálki K.
5. Fyrir Írland: bálkur H.
6. Fyrir Austurríki: bálkur F, G og H, flokkur 63.3 í bálki I.

III. Nánari upplýsingar (5. gr.)

Aðildarríkjunum er frjálst að láta í té nánari upplýsingar, einkum með því að greina á milli verkafólks og annarra launþega eða með umfjöllun um einingar með færri starfsmönnum en 10.

Svo að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna, að því er varðar söfnun niðurstaðna á landsvísu, er Þýskalandi frjálst, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á gæði upplýsinganna, að taka saman sérstaklega hagskýrslur fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, að meðtalinni Vestur-Berlín, eins og það var fyrir 3. október 1990 og fyrir nýju fylkin (*Länder*), að meðtalinni Austur-Berlín. Ákvæðum 7. gr. um dæmigert úrtak skal beitt sérstaklega á hvora samtölu.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 12. febrúar 1997****um hvernig fara skuli með tekjur fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu vegna framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði(*)****(97/157/EB, KBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði ⁽¹⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Til að skilgreina verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (VÞFmv) samkvæmt 1. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE, sem gildir með tilvísun til 1. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í bandalaginu ⁽²⁾ meðan ákvörðun 94/728/EB, KBE ⁽³⁾ er enn í gildi, er nauðsynlegt að gera ljósari grein fyrir meðferð á tekjum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt gildandi evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (EÞK).

Í aðra útgáfu EÞK vantar bein ákvæði um skráningu á tekjum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, einkum óskiptum tekjum.

Því er nauðsynlegt að túlka reglur annarrar útgáfu EÞK í samræmi við þessar meginreglur svo að hægt sé að gera skýra grein fyrir hvernig skrá skuli slíkar tekjur.

Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 6. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar framkvæmd tilskipunar 89/130/EBE, KBE teljast tekjur fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu vera annars vegar vextir af innlánnum og öðrum fjárfestingum og hins vegar greiddur arður af hlutabréfum í eigu fyrirtækjanna. Heimilt er að greiða fjárfestum þessar tekjur eða bæta þeim við höfuðstól.

Þegar þessar tekjur eru greiddar út eru þær skráðar í tekjuskiptingarreikning hluthafanna sem tekjur af eignum og atvinnurekstri (kennið R40 í gildandi EÞK).

Þegar þessar tekjur eru ekki greiddar út ber að fara með þær sem tekjur sem fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu greiðir út til hluthafa sinna og hluthafarnir fjárfesta strax aftur í fyrirtækinu. Því ber að skrá þessar tekjur sem tekjur af eignum og atvinnurekstri eins og um sé að ræða tekjur sem hafa verið greiddar út. Enn fremur er sama fjárhæð færð sem hlutabréf í fjárhagsreikningi hluthafanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 63, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 49, 21. 2. 1989, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 310, 30. 11. 1996, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 293, 12. 11. 1994, bls. 9.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1749/96**frá 9. september 1996****um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ⁽¹⁾, einkum 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Hverju aðildarríki ber að gefa út samræmda vísitölu neysluverðs (SVN) frá vísitölu fyrir janúar 1997 að telja.

Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er tilskilið að samræmd vísitala neysluverðs skuli byggjast á verði vöru og þjónustu sem í boði er á efnahagssvæði aðildarríkisins, í því skyni að uppfylla þarfir neytenda beint.

Umfang gildandi vísitalna neysluverðs sem aðildarríkin gefa út, starfshættir sem tíðkast þegar vara og þjónusta, sem er nýlega orðin mikilvæg, er tekin inn í vísitölu, aðferðir við að leiðrétta verð í samræmi við breytingar á gæðum verðlagðrar vöru og þjónustu, aðferðir við að sameina verðtölur þegar gefnar eru út verðvísitölur fyrir grunnliði, og úrtaksaðferðir og starfshættir við verðathuganir er allt svo breytilegt milli aðildarríkja að þær vísitölur neysluverðs, sem aðildarríkin gefa út, eru ekki nægilega sambærilegar til að þær megi nota til að gefa út samræmda vísitölu neysluverðs.

Sú aðferð að nota eldri verðtölur í stað gildandi mánaðarverðs leiðir ekki til sömu niðurstöðu og þegar notaðar eru verðtölur sem er safnað í raun, og eru vísitölur neysluverðs, sem aðildarríkin gefa út, því ekki nægilega sambærilegar til að þær megi nota til að gefa út samræmda vísitölu neysluverðs.

Nauðsynlegt er að taka vöru og þjónustu, sem er nýlega orðin mikilvæg, inn í samræmdar vísitölur neysluverðs, bæði þegar svo háttar til að vægi einstakra þátta er uppfært árlega og þegar það er uppfært sjaldnar.

Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja samanburðarhæfni samræmdra vísitalna neysluverðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

Í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ber framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna, HEB) að leggja fram skýrslu til ráðsins um áreiðanleika samræmdra vísitalna neysluverðs og hvort þær fullnægi kröfum um samanburðarhæfni.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾.

Samráð var haft við Peningamálastofnun Evrópu í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 og var álit hennar jákvætt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ALMENN ÁKVÆÐI*1. gr.***Markmið**

Markmiðið með þessari reglugerð er að ákveða, í því skyni að gefa út sambærilega samræmda vísitölu neysluverðs (SVN) í hverju aðildarríki:

- upphaflega skrá yfir vöru og þjónustu sem vísitalan tekur til, svo og sambærilegar aðferðir við að uppfæra þá skrá þannig að hún taki til vöru og þjónustu sem er nýlega orðin mikilvæg,
- lágmarksstaðla fyrir aðferðir við aðlögun að gæðum,
- lágmarksstaðla fyrir verðtölnurnar sem notaðar eru,
- formúlu til að reikna verðvísitölur fyrir grunnliði.

Markmiðið er enn fremur að tryggja að úrtak verðtalna sé þannig að samræmdar vísitölur neysluverðs séu nægilega áreiðanlegar til að þær megi nota við alþjóðlegan samanburð og til að veita upplýsingar sem nota má til að ákveða lágmarksstaðla fyrir gerð úrtaks.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Upphafleg skrá yfir vöru og þjónustu sem samræmd vísitala neysluverðs tekur til“: þeir fjögurra tölustafa liðir og undirliðir sem tilgreindir eru í flokkunarkerfinu COICOP/SVN (flokkun einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs) sem er að finna í I. viðauka.
- b) „Vara og þjónusta sem er nýlega orðin mikilvæg“: vara og þjónusta sem þannig háttar til um að breytingar á verði hennar eru ekki teknar inn í samræmda vísitölu neysluverðs í aðildarríkinu beinlínis, en áætluð útgjöld neytenda vegna slíkrar vöru og þjónustu eru orðin að minnsta kosti einn þúsundasti hluti útgjaldanna sem sú samræmd vísitala neysluverðs tekur til.
- c) „Breyting á gæðum“: þegar aðildarríki telur að svo mikill eðlismunur sé á vöru eða þjónustu, sem áður hefur verið valin til verðlagskönnunar í samræmdri vísitölu neysluverðs, og nýju afbrigði eða gerð vöru og þjónustu sem kemur í hennar stað að það hafi í för með sér verulegan mun á notagildi fyrir neytandann. Ekki er um að ræða breytingu á gæðum þegar gerð er umfangsmikil endurskoðun á úrtaki fyrir samræmda vísitölu neysluverðs.
- d) „Aðlögun að gæðum“: sú aðferð að taka tillit til breytingar á gæðum með því að hækka eða lækka mælt gildandi verð eða viðmiðunarverð sem nemur stuðli eða fjárhæð sem svarar til verðgildis slíkrar breytingar á gæðum.
- e) „Markúrtak“: það safn verðtalna fyrir vöru og þjónustu sem aðildarríkið hefur í hyggju að taka saman til að gefa út samræmda vísitölu neysluverðs frá janúar 1997 að telja eða hefur í hyggju að taka saman síðar til að fullnægja eigin stöðlum eða öðrum Evrópastöðlum sem lúta að áreiðanleika eða samanburðarhæfni.
- f) „Mælt verð“: verð sem aðildarríkin staðfesta.
- g) „Áætlað verð“: verð sem er notað í stað mælds verðs og byggt er á viðeigandi matsaðferð. Ekki skal notast við eldra mælt verð sem áætlað verð nema sýna megi fram á að með því fáiast heppilegt mat.
- h) „Staðgönguverð“: mælt verð vöru eða þjónustu sem litið er á sem beinan staðgengil vöru eða þjónustu sem var notuð í markúrtakið.
- i) „Vísitala fyrir grunnliði“: verðvísitala fyrir grunnliði sem inniheldur eingöngu upplýsingar um verðtölur.

- j) „Grunnliður“: útgjöld eða neysla sem nákvæmasta stig samræmdrar vísitölu neysluverðs tekur til og ekki eru til um áreiðanlegar upplýsingar til að meta vægi einstakra þátta útgjaldanna á því stigi.
- k) „Gerð úrtaks“: hver sú aðferð við gerð samræmdrar vísitölu neysluverðs þar sem hlutmengi í þýði verðtalna, sem svarar til verðs sem neytendur greiða, er notað til að meta verðbreytingar í tilteknum flokki vöru eða þjónustu sem samræmd vísitala neysluverðs tekur til.
- l) „Áreiðanleiki“: meta skal hvort vísitölur eru áreiðanlegar á grundvelli þess hve nákvæmar þær eru, en með því er vísað til þess hversu mikið er um úrtaksvillur, og hve dæmigerðar þær eru, en með því er vísað til þess að kerfisbundin skekkja sé ekki fyrir hendi.

II. RÁÐSTAFAFANIR TIL AÐ TRYGGJA AÐ SAMRÆMDAR VÍSITÖLUR NEYSLUVERÐS SÉU SAMBÆRILEGAR, ÁREIÐANLEGAR OG GILDAR

3. gr.

Upphafleg skrá

Samræmdar vísitölur neysluverðs skulu teljast sambærilegar ef þær taka til verðvísitalna og vægis fyrir alla þá liði í I. viðauka sem hafa meira vægi en sem nemur einum þúsundasta hluta samanlagðra útgjalda í öllum liðunum.

4. gr.

Vara og þjónusta sem er nýlega orðin mikilvæg

Aðildarríkin skulu:

- a) leita uppi nýja mikilvæga vöru og þjónustu með kerfisbundnum hætti, og
- b) kanna mikilvægi vöru og þjónustu sem önnur aðildarríki tilkynna að sé nýlega orðin mikilvæg.

Samræmd vísitala neysluverðs skal reiknuð þannig að hún taki til verðbreytinga á vöru eða þjónustu, sem er nýlega orðin mikilvæg, ef sú vara eða þjónusta telst falla undir skilgreininguna í b-lið 2. gr. Þessu skal ná fram innan tólf mánaða frá því að varan eða þjónustan finnst, annaðhvort með því að leiðrétta vægi viðkomandi liðar í COICOP/SVN-flokkuninni í I. viðauka við þessa reglugerð, eða vægi innan þess liðar, eða með því að úthluta vörunni eða þjónustunni, sem er nýlega orðin mikilvæg, hluta vægisins sérstaklega.

5. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir aðlögun að gæðum

1. Samræmdar vísitölur neysluverðs skulu teljast sambærilegar ef þær hafa verið lagaðar að gæðum. Þegar breytingar verða á gæðum skulu aðildarríkin reikna verðvísitölur með því að laga verð að gæðum og styðjast þá við beint mat á verðmæti gæðabreytingarinnar. Ef innlent mat er ekki fyrir hendi ber aðildarríkjunum að nota mat sem byggt er á upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (HEB) veitir, eftir því sem við á.

2. Sé ekkert mat fyrir hendi skal meta verðbreytingar sem muninn á verði völdu staðgönguvörunnar og vörunnar sem hún kemur í staðinn fyrir. Aldrei skal meta breytingu á gæðum sem heildarverðmun á vörunum tveimur, nema færa megi góð rök fyrir slíku mati. Þurfi að skipta út vörum vegna þess að vara eða þjónusta hefur verið boðin á niðursettu verði ber að velja það sem kemur í staðinn með tilliti til þess að notagildi þess fyrir neytandann sé svipað en ekki að verðið sé svipað.

6. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir verðtölur

1. Aðildarríkin skulu gefa út samræmdar vísitölur neysluverðs á grundvelli mælds verðs markúrtaksins.

- Ef mæla ber markúrtakið mánaðarlega, en mælingu verður ekki komið við þar sem varan er ekki fáanleg eða af öðrum ástæðum, er heimilt að nota áætlað verð fyrir fyrsta og annan mánuð, en frá þriðja mánuði skal nota staðgönguverð.
- Ef þannig stendur á, í undantekningartilviki, að mæla ber markúrtakið sjaldnar en mánaðarlega, skal nota áætlað verð fyrir þá mánuði sem ekki er skylt að nota mælt verð. Einnig er heimilt að nota áætlað verð í fyrsta skipti sem mæling fellur niður. Falli mæling niður tvisvar í röð skal nota staðgönguverð.

2. Ef ekki er völ á staðgönguverði við þær aðstæður sem um getur í þessari grein er heimilt að nota áfram áætlað verð, að því tilskildu að notkun þess sé takmörkuð við það sem þarf til að gera vísitöluna sambærilega.

7. gr.

Verðvísitölur fyrir grunnliði

Reikna skal samræmdar vísitölur neysluverðs með annarri hvorri formúlunni í 1. lið II. viðauka við þessa reglugerð eða annarri sambærilegri formúlu, enda sé kerfisbundið frávik vísitölu, sem þannig er reiknuð, frá vísitölu sem reiknuð er með annarri hvorri uppgöfnu formúlunni, ekki meira en tíundi hluti úr prósentustigi að meðaltali fyrir eitt ár í samanburði við árið á undan.

8. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir gerð úrtaks

Samræmdar vísitölur neysluverðs skulu teljast áreiðanlegar og sambærilegar ef þær byggjast á markúrtaki sem inniheldur nægilegan fjölda grunnliða, fyrir hvern COICOP/SVN-lið og að teknu tilliti til vægis liðarins, til að sýna fjölbreytileika vöru og þjónustu í liðnum og nægilegan fjölda verðtalna innan hvers grunnliðar til að tekið sé tillit til breytilegrar verðþróunar í þýðinu.

9. gr.

Gæðastjórnun

Aðildarríkin skulu:

- veita framkvæmdastjórninni (HEB), að beiðni hennar, upplýsingar um útgjöld í liðum sem eru ekki á upphaflegri skrá, og setja þær fram sem hlutfall af heildarútgjöldum sem falla undir samræmda vísitölu neysluverðs; upplýsingarnar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að meta hvort farið er að þessari reglugerð;
- greina framkvæmdastjórninni (HEB) frá því er fram kemur vara og þjónusta sem er nýlega orðin mikilvæg og skýra, ef með þarf, hvers vegna vara og þjónusta, sem er nýlega orðin mikilvæg, er ekki tekin inn í vísitöluna; upplýsingarnar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að meta hvort farið er að þessari reglugerð;
- fylgjast nægilega vel með því þegar breytingar verða á gæðum og hvað gert er til aðlögunar til að sýna fram á að farið sé að þessari reglugerð, og veita framkvæmdastjórninni (HEB) upplýsingar þar að lútandi að beiðni hennar;
- koma upp og viðhalda nákvæmri lýsingu á markúrtakinu og halda uppi nægilega góðu eftirliti með verðmælingum og verðlagsmati til að tryggja sé að farið sé að þessari reglugerð. Þau skulu veita framkvæmdastjórninni (HEB), að beiðni hennar, þær upplýsingar sem þörf er á til að unnt sé að meta hvort farið er að reglugerðinni og tryggja að svo sé;
- ef notuð er önnur formúla en þær sem birtast í 1. lið II. viðauka við þessa reglugerð, veita framkvæmdastjórninni (HEB), að beiðni hennar, upplýsingar um áhrif þess að nota þá formúlu fyrir valin tímabil og valda grunnliði; upplýsingarnar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að meta hvort farið er að þessari reglugerð;
- veita framkvæmdastjórninni (HEB), að beiðni hennar, nægilega ítarlegar upplýsingar um markúrtökin til að unnt sé að meta hvort farið er að þessari reglugerð og nægilega gott tölulegt ágríp um hversu dæmigerð og nákvæm úrtökin eru til að framkvæmdastjórnin (HEB) geti lagt fram tillögur um lágmarksstaðla fyrir gerð úrtaks sem hluta af þeirri

endurskoðun á samræmdum vísitölum neysluverðs sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 og væntanleg er í október 1997.

III. LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Á upphaflegri skrá yfir vöru og þjónustu, sem samræmd vísitala neysluverðs tekur til, skulu vera eftirtaldir liðir og undirliðir:

| Tákn | Heiti í COICOP/SVN |
|---------|--|
| 01. | MATVÆLI OG ÓÁFENGIR DRYKKIR |
| 01.1 | Matvæli |
| 01.1.1 | Brauð og kornvörur |
| 01.1.2 | Kjöt |
| 01.1.3 | Fiskur |
| 01.1.4 | Mjólk, ostur og egg |
| 01.1.5 | Oliur og feiti |
| 01.1.6 | Ávextir |
| 01.1.7 | Grænmeti, þar með taldar kartöflur og önnur hnyði |
| 01.1.8 | Sykur, sulta, hunang, síróp, súkkulaði og sælgæti |
| 01.1.9 | Matvæli, ót.a. |
| 01.2 | Óáfengir drykkir |
| 01.2.1 | Kaffi, te og kakó |
| 01.2.2 | Ölkelduvatn, gosdrykkir og safar |
| 02. | ÁFENGIR DRYKKIR OG TÓBAK |
| 02.1 | Áfengir drykkir |
| 02.1.1 | Brennd vín |
| 02.1.2 | Léttvín |
| 02.1.3 | Öl |
| 02.2 | Tóbak |
| 02.2.1 | Tóbak |
| 03. | FATNAÐUR OG SKÓFATNAÐUR |
| 03.1 | Fatnaður |
| 03.1.1 | Efni í fatnað |
| 03.1.2 | Flíkur |
| 03.1.3 | Annar fatnaður og fylgihlutir með fatnaði |
| 03.1.4 | Þurrhreinsun, viðgerðir og leiga á fatnaði |
| 03.2 | Skófatnaður |
| 03.2.1 | Skór og annar skófatnaður |
| 03.2.2 | Viðhald, viðgerðir og leiga á skófatnaði |
| 04. | HÚSNÆÐI, VATN, RAFMAGN, GAS OG ANNAR ELDSNEYTI |
| 04.1 | Raunhúsaleiga |
| 04.1.1 | Raunhúsaleiga sem leigjendur greiða |
| 04.1.2 | Önnur raunhúsaleiga |
| 04.3 | Venjulegt viðhald og viðgerðir á húsnæði |
| 04.3.1 | Vörur til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði |
| 04.3.2 | Þjónusta vegna venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði |
| 04.4 | Önnur þjónusta tengd húsnæði |
| 04.4.1A | Sorphirða - neytendur greiða í samræmi við notkun |
| 04.4.2A | Fráveitubjónusta - neytendur greiða í samræmi við notkun |
| 04.4.3A | Vatnsveita - neytendur greiða í samræmi við notkun |
| 04.4.4 | Önnur þjónusta tengd húsnæði, ót.a. |
| 04.5 | Rafmagn, gas og annar eldsneyti |
| 04.5.1 | Rafmagn |
| 04.5.2 | Gas |
| 04.5.3 | Fljótandi eldsneyti |

| Tákn | Heiti í COICOP/SVN |
|----------|---|
| 04.5.4 | Fast eldsneyti |
| 04.5.5 | Heitt vatn, gufa og ís |
| 05. | HÚSBÚNAÐUR, HEIMLISTÆKI OG REGLUBUNDIÐ VIÐHALD HÚSNÆÐIS |
| 05.1 | Húsgögn, húsbúnaður og skrautmunir, teppi og önnur gólfklæðning og viðgerðir |
| 05.1.1 | Húsgögn og húsbúnaður |
| 05.1.2 | Teppi og önnur gólfklæðning |
| 05.1.3 | Viðgerðir á húsgögnum, húsbúnaði og gólfklæðningu |
| 05.2 | Textilvörur til heimilisnota |
| 05.2.1 | Textilvörur til heimilisnota |
| 05.3 | Hitunar- og eldunartæki, kælikápar, þvottavélar og ámóta stærri heimilistæki, þar með taldir tengihlutir og viðgerðir |
| 05.3.1 | Stærri heimilistæki, rafknúin og órafknúin |
| 05.3.2 | Minni rafknúin heimilistæki |
| 05.3.3 | Viðgerðir á heimilistækjum |
| 05.4 | Glervörur, borðbúnaður og búshöld |
| 05.4.1 | Glervörur, borðbúnaður og búshöld |
| 05.5 | Verkfæri og búnaður fyrir hús og garð |
| 05.5.1 | Stærri verkfæri og búnaður |
| 05.5.2 | Minni verkfæri og ýmsir fylgihlutir |
| 05.6 | Vörur og þjónusta vegna reglubundins viðhalds á heimili |
| 05.6.1 | Vörur til heimilishalds sem eru ekki varanlegar |
| 05.6.2 | Heimilisadstoð og önnur þjónusta fyrir heimili |
| 06.A | HEILSUGÆSLA — vörur sem neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða |
| 06.1.A | Lyf og lyfjavörur og meðferðartæki og -búnaður — neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða |
| 06.1.1.A | Lyf og lyfjavörur — neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða |
| 06.1.2.A | Aðrar lækningavörur — neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða |
| 06.1.3.A | Meðferðartæki og -búnaður — neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða |
| 07. | SAMGÖNGUR |
| 07.1 | Kaup á ökutækjum |
| 07.1.1A | Nýjar bifreiðar |
| 07.1.1B | Notaðar bifreiðar |
| 07.1.2 | Bifhjól |
| 07.1.3 | Reiðhjól |
| 07.2 | Rekstur einkasamgöngutækja |
| 07.2.1 | Varahlutir og fylgihlutir |
| 07.2.2 | Eldsneyti og smurefni |
| 07.2.3 | Viðhald og viðgerðir |
| 07.2.4 | Önnur þjónusta tengd einkasamgöngutækjum — skv. EPK-reglum ⁽¹⁾ |
| 07.3 | Samgönguþjónusta |
| 07.3.1 | Farþegaflutningar með járnbrautum |
| 07.3.2 | Farþegaflutningar á vegum |
| 07.3.3 | Farþegaflutningar í lofti |
| 07.3.4 | Farþegaflutningar á sjó og skipgengum vatnaleiðum |
| 07.3.5 | Önnur aðkeypt samgönguþjónusta |
| 08. | FJARSKIPTI |
| 08.1 | Fjarskipti |
| 08.1.1 | Póstþjónusta |
| 08.1.2 | Síma- og bréfasímabúnaður |
| 08.1.3 | Síma-, ritsíma- og bréfasímaþjónusta |

| Tákn | Heiti í COICOP/SVN |
|---------|---|
| 09. | TÓMSTUNDIR OG MENNING |
| 09.1 | Búnaður og fylgihlutir, þar með taldar viðgerðir |
| 09.1.1 | Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og myndum |
| 09.1.2 | Ljósmynda- og kvikmyndabúnaður og sjóntæki |
| 09.1.3 | Gagnavinnslubúnaður |
| 09.1.4 | Aðrar stærri varanlegar vörur til tómsundaiðkunar og menningarstarfs |
| 09.1.5 | Spil, leikföng og tómsundabúnaður, íþróttavörur, viðlegubúnaður og útivistarbúnaður |
| 09.1.6 | Upptökumiðlar fyrir myndir og hljóð |
| 09.1.7 | Garðyrkja |
| 09.1.8 | Gæludýr |
| 09.1.9 | Viðgerðir á búnaði og fylgihlutum til tómsundaiðkunar og menningarstarfs |
| 09.2 | Þjónusta í tengslum við tómsundaiðkun og menningarstarf |
| 09.2.1 | Þjónusta við hópa í tengslum við tómsundaiðkun og menningarstarf |
| 09.2.2 | Önnur þjónusta í tengslum við tómsundaiðkun og menningarstarf |
| 09.3 | Dagblöð, bækur og ritföng |
| 09.3.1 | Bækur |
| 09.3.2 | Dagblöð og tímarit |
| 09.3.3 | Ýmiss konar prentað mál |
| 09.3.4 | Ritföng og teiknivörur |
| 09.4 | Pakkaferðir — að frátöldum ferðatryggingum |
| 09.4.1 | Pakkaferðir — að frátöldum ferðatryggingum |
| 10.A | MENNTUN — neytendur greiða að jafnaði í aðildarríkjunum |
| 11. | GISTIÐÚS, KAFFIÐÚS OG VEITINGAÐÚS |
| 11.1 | Matsala |
| 11.1.1 | Veitingahús og kaffiðús |
| 11.1.2 | Mötuneyti |
| 11.2 | Gistiþjónusta — innan aðildarríkisins |
| 11.2.1 | Gistiþjónusta — innan aðildarríkisins |
| 12. | ÝMSAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTA |
| 12.1 | Persónuleg þjónusta |
| 12.1.1 | Hárgreiðslustofur og snyrtistofur |
| 12.1.2 | Tæki og vörur fyrir persónulega þjónustu |
| 12.2 | Persónulegir munir, ót.a. |
| 12.2.1 | Skartgripir, klukkur og úr |
| 12.2.2 | Aðrir persónulegir munir |
| 12.4A | Tryggingar |
| 12.4.2A | Tryggingar vegna húsnæðis — innbústryggingar |
| 12.4.4A | Tryggingar tengdar samgöngum — bifreiðatryggingar — að frátöldum ferðatryggingum |
| 12.5A | Bankaþjónusta, ót.a. — að frátöldum vaxtagreiðslum og gjöldum sem nema tilteknu hlutfalli af virði viðskiptanna |
| 12.5.1A | Bankaþjónusta, ót.a. — að frátöldum vaxtagreiðslum og gjöldum sem nema tilteknu hlutfalli af virði viðskiptanna |
| 12.6 | Önnur þjónusta, ót.a. |
| 12.6.1 | Önnur þjónusta, ót.a. |

(¹) Evrópska þjóðhagsreikningakerfið, EPK 1995.

II. VÞAUKI

Formúlur til að reikna grunnliði

1. Þegar verðvísitölur eru reiknaðar fyrir grunnliði skal annaðhvort nota hlutfallið milli einfaldra meðaltala

$$\text{verðtala} \frac{\frac{1}{n} \sum p^t}{\frac{1}{n} \sum p^b} \text{ eða hlutfallið milli faldmeðaltala verðtala } \frac{[\prod p^t]^{1/n}}{[\prod p^b]^{1/n}},$$

þar sem p^t er gildandi verð, p^b er viðmiðunarverðið og n er fjöldi verðtala þeirrar tegundar í grunnliðnum. Heimilt er að nota aðra formúlu, að því tilskildu að hún fullnægi skilyrði 7. gr um samanburðarhæfni.

2. Að jafnaði ber ekki að nota einfalt meðaltal verðhlutfalla $\frac{1}{n} \sum \frac{P^t}{P^b}$, því að oft verður skilyrðinu um samanburðarhæfni ekki fullnægt með því móti. Heimilt er að nota það í undantekningartilvikum ef unnt er að sýna fram á að það fullnægi skilyrðinu um samanburðarhæfni.

3. Reikna má verðvísitölu fyrir grunnlið sem keðjuvísitölu með annarri hvorri formúlunni sem mælt er með hér á undan. Ef notað er hlutfallið milli einfaldra meðaltala verður:

$$I^{tb} = \frac{\sum_{i \in s^b} P_i^1}{\sum_{i \in s^b} P_i^b} \cdot \frac{\sum_{i \in s^1} P_i^2}{\sum_{i \in s^1} P_i^1} \cdots \frac{\sum_{i \in s^1} P_i^t}{\sum_{i \in s^1} P_i^{t-1}}$$

þar sem P_i^t er uppgæfin verðtala nr. i í grunnliði á tímabilinu t og s_t er úrtak verðtala sem safnað hefur verið fyrir grunnliðinn á tímabilinu t . Í framkvæmd er heimilt að uppfæra þetta úrtak mánaðarlega eða, sem vanalegra er, með lengra millibili þegar verðtölur fást ekki. Ef engin endurnýjun verður milli

grunntímabilsins b og tímabilsins t verður $I^{tb} = \frac{\sum_{i \in s^b} P_i^t}{\sum_{i \in s^b} P_i^b}$, einfalt hlutfallið milli einfaldra meðaltala

(eða á hliðstæðan hátt í formúlunni fyrir faldmeðaltal sem lýst er hér á undan). Ekki er heimilt að nota einfalt meðaltal verðhlutfalla ef keðjunin á sér stað oftar en árlega.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2214/96**frá 20. nóvember 1996****um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (1),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ber hverju aðildarríki að gefa út samræmda vísitölu neysluverðs (SVN) frá vísitölnni fyrir janúar 1997 að telja.

Í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er tilskilið að aðildarríkin annast úrvinnslu gagna sem safnað er svo unnt sé að vinna samræmda vísitölu neysluverðs sem nær til liðanna í COICOP (flokkun einkaneyslu eftir tilgangi). Þessa liði þarf að aðlaga.

Í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er tilskilið að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna, HEB) gefi út samræmda vísitölu neysluverðs og samsvarandi undirvísitölur. Þessar undirvísitölur þarf að tilgreina.

Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja samanburðarhæfni samræmdra vísitalna neysluverðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE (2).

Samráð var haft við Peningamálastofnun Evrópu í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 og var álit hennar jákvætt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að ákveða undirvísitölur í samræmdri vísitölu neysluverðs (SVN) sem aðildarríkjnum ber að gefa út í hverjum mánuði og afhenda framkvæmdastjórninni (HEB), en hún sér um dreifingu hennar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „undirvísitala í samræmdri vísitölu neysluverðs“ verðvísitölu fyrir einhvern útgjaldaliðanna sem eru taldir upp í I. viðauka og lýst er í II. viðauka við þessa reglugerð. Þeir eru byggðir á flokkunarkerfinu COICOP/SVN (flokkun einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs) (3). „Dreifing“ merkir birtingu gagna í hvers kyns formi.

3. gr.

Gerð og afhending undirvísitalna

Aðildarríkin skulu í hverjum mánuði gefa út allar undirvísitölur (I. viðauki) sem hafa meira vægi en sem nemur einum þúsundasta hluta samanlagðra útgjalda sem samræmd vísitala neysluverðs tekur til (4) og afhenda þær framkvæmdastjórninni (HEB). Ásamt vísitölnni fyrir janúar 1997 skulu aðildarríkin einnig afhenda framkvæmdastjórninni (HEB) samsvarandi upplýsingar um vægi og eftir það í hvert sinn sem vægishlutföllum er breytt.

4. gr.

Dreifing undirvísitalna

Framkvæmdastjórnin (HEB) skal dreifa undirvísitölum í samræmdum vísitölum neysluverðs fyrir liðina sem taldir eru upp í I. viðauka við þessa reglugerð miðað við grundvallarvísitöluna fyrir 1996 = 100.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

(3) I. viðauki við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtið. EB nr. L 229, 10. 9. 1996, bls. 3).

(4) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1749/96.

5. gr.

Gæðastjórnun

Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (HEB) skulu aðildarríkin veita henni nægilegar upplýsingar um röðun vöru og þjónustu í útgjaldaliðina í I. og II. viðauka til að unnt sé að meta hvort farið er að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

UNDIRVÍSITÖLUR Í SAMRÆMDRI VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS

| | |
|--------|---|
| 01. | MATVÆLI OG ÓÁFENGIR DRYKKIR |
| 01.1 | Matvæli |
| 01.1.1 | Brauð og kornvörur |
| 01.1.2 | Kjöt |
| 01.1.3 | Fiskur |
| 01.1.4 | Mjólk, ostur og egg |
| 01.1.5 | Oliur og feiti |
| 01.1.6 | Ávextir |
| 01.1.7 | Grænmeti, þar með taldar kartöflur og önnur hnyði |
| 01.1.8 | Sykur, sulta, hunang, síróp, súkkulaði og sælgæti |
| 01.1.9 | Matvæli ót.a. |
| 01.2 | Óáfengir drykkir |
| 01.2.1 | Kaffi, te og kakó |
| 01.2.2 | Ölkelduvatn, gosdrykkir og safar |
| 02. | ÁFENGIR DRYKKIR OG TÓBAK |
| 02.1 | Áfengir drykkir |
| 02.1.1 | Brennd vín |
| 02.1.2 | Léttvín |
| 02.1.3 | Öl |
| 02.2 | Tóbak |
| 03. | FATNAÐUR OG SKÓFATNAÐUR |
| 03.1 | Fatnaður |
| 03.1.1 | Efni í fatnað |
| 03.1.2 | Flíkur |
| 03.1.3 | Annar fatnaður og fylgihlutir með fatnaði |
| 03.1.4 | Þurrhreinsun, viðgerðir og leiga á fatnaði |
| 03.2 | Skófatnaður, þar með taldar viðgerðir |
| 04. | HÚSNÆÐI, VATN, RAFMAGN, GAS OG ANNAÐ ELDSNEYTI |
| 04.1 | Raunhúsaleiga |
| 04.3 | Venjulegt viðhald og viðgerðir á húsnæði |
| 04.3.1 | Vörur til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði |
| 04.3.2 | Þjónusta vegna venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði |
| 04.4A | Önnur þjónusta tengd húsnæði |
| 04.5 | Rafmagn, gas og annað eldsneyti |
| 04.5.1 | Rafmagn |
| 04.5.2 | Gas |
| 04.5.3 | Fljótandi eldsneyti |
| 04.5.4 | Fast eldsneyti |
| 04.5.5 | Heitt vatn, gufa og is |

05. HÚSBÚNAÐUR, HEIMILISTÆKI OG REGLUBUNDIÐ VIÐHALD HÚSNÆÐIS
- 05.1 **Húsgögn, húsbúnaður og skrautmunir, teppi og önnur gólfklæðning og viðgerðir**
- 05.1.1 Húsgögn og húsbúnaður
- 05.1.2 Teppi og önnur gólfklæðning
- 05.1.3 Viðgerðir á húsgögnum, húsbúnaði og gólfklæðningu
- 05.2 **Textilvörur til heimilisnota**
- 05.3 **Hitunar- og eldunartæki, kæliskápar, þvottavélar og ámóta stærri heimilistæki, þar með taldir tengihlutir og viðgerðir**
- 05.3.1/2 Stærri heimilistæki, rafknúin og órafknúin, og minni rafknúin heimilistæki
- 05.3.3 Viðgerðir á heimilistækjum
- 05.4 **Glervörur, borðbúnaður og búsaðhöld**
- 05.5 **Verkfæri og búnaður fyrir hús og garð**
- 05.6 **Vörur og þjónusta vegna reglubundins viðhalds á heimilinu**
- 05.6.1 Vörur til heimilishalds sem eru ekki varanlegar
- 05.6.2 Heimilisaðstoð og önnur þjónusta fyrir heimili
- 06.A **HEILSUGÆSLA: Lyf og lyfjavörur og meðferðartæki og -búnaður - neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða**
07. SAMGÖNGUR
- 07.1 **Kaup á ökutækjum**
- 07.1.1 Nýjar og notaðar bifreiðar
- 07.1.2/3 Bifhjól og reiðhjól
- 07.2 **Rekstur einkasamgöngutækja**
- 07.2.1 Varahlutir og fylgihlutir
- 07.2.2 Eldsneyti og smurefni
- 07.2.3 Viðhald og viðgerðir
- 07.2.4A Önnur þjónusta tengd einkasamgöngutækjum
- 07.3 **Samgönguþjónusta**
- 07.3.1A Farþegaflutningar með járnbrautum
- 07.3.2A Farþegaflutningar á vegum
- 07.3.3A Farþegaflutningar í lofti
- 07.3.4A Farþegaflutningar á sjó og skipgengum vatnaleiðum
- 07.3.5A Önnur aðkeypt samgönguþjónusta
- 07.3.6A Samsettir miðar
08. FJARSKIPTI
- 08.1 **Fjarskipti**
- 08.1.1 Póstþjónusta
- 08.1.2/3 Síma- og bréfasímabúnaður og -þjónusta
09. TÓMSTUNDIR OG MENNING
- 09.1 **Búnaður og fylgihlutir, þar með taldir viðgerðir**
- 09.1.1 Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og myndum
- 09.1.2 Ljósmynda- og kvikmyndabúnaður og sjóntæki
- 09.1.3 Gagnavinnslubúnaður

- 09.1.4 Aðrar stærri varanlegar vörur til tómstundaiðkunar og menningarstarfs
 - 09.1.5 Spil, leikföng og tómstundabúnaður, íþróttavörur, viðlegubúnaður og útivistarbúnaður
 - 09.1.6 Upptökumiðlar fyrir myndir og hljóð
 - 09.1.7 Garðyrkja
 - 09.1.8 Gæludýr
 - 09.1.9 Viðgerðir á búnaði og fylgihlutum til tómstundaiðkunar og menningarstarfs

 - 09.2A **Þjónusta í tengslum við tómstundaiðkun og menningarstarf**

 - 09.3 **Dagblöð, bækur og ritföng**

 - 09.4 **Pakkaferðir**

 - 10.A **MENNTUN - neytendur greiða að jafnaði í aðildarríkjunum**

 - 11. GISTIÐÚS, KAFFIÐÚS OG VEITINGAÐÚS

 - 11.1 Matsala
 - 11.1.1 Veitingahús og kaffihús
 - 11.1.2 Mötuneyti

 - 11.2 **Gistiþjónusta**

 - 12. ÝMSAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTA

 - 12.1 **Persónuleg þjónusta**
 - 12.1.1 Hárgreiðslustofur og snyrtistofur
 - 12.1.2 æki og vörur fyrir persónulega þjónustu

 - 12.2 **Persónulegir munir, ót.a.**

 - 12.4A **Tryggingar**
 - 12.4.2A Tryggingar vegna húsnæðis - innbústryggingar
 - 12.4.4A Tryggingar tengdar samgöngum - bifreiðatryggingar

 - 12.5A **Bankaþjónusta ót.a.**

 - 12.6A **Önnur þjónusta ót.a.**
-

II. VÆDAUKI

LÝSING Á UNDIRVÍSITÖLUM Í SAMRÆMDRI VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS: SUNDURLIÐUN Í DEILDIR (veggja stafa tölur), FLOKKA (þriggja stafa tölur) og GREINAR ⁽¹⁾ (fjögurra stafa tölur) ⁽²⁾

01. MATVÆLI OG ÓÁFENGIR DRYKKIR

01.1 Matvæli

Til þessa liðar teljast vörur sem venjulega eru keyptar til heimilisneyslu. Því eru ekki taldar með vörur sem venjulega eru seldar til neyslu á staðnum, t.d. samlokur, pylsur, ís o.s.frv. (11.1.1). Enn fremur er undanskilinn tilbúinn matur sem kaupendur taka með sér og tilbúnir réttir og matsölumatur, þótt hann sé afhentur á heimili viðskiptavinarins (11.1.1). Vörur sem eru seldar gagnert sem gæludýrafóður heyra undir lið 09.1.8.

01.1.1 Brauð og kornvörur (ND)

- Hvers kyns hrísgrjón, þar með talin hrísgrjón sem eru tilreidd með kjöti, fiski, skelfiski eða grænmeti.
- Más, hveiti, bygg, hafrar, rúgur og annað kornmeti sem grjón eða mjöl (finmalað og gröfmalað).
- Brauð og aðrar brauðvörur, t.d. hrökkbrauð, tvíbökur, ristað brauð, kex og smákökur, piparkökur, kexþynnur, vöflur, skonsur og tebollur.
- Sætabrauð og brauðvörur á borð við kökur, tertur, bökur og flatbökur.
- Hvers kyns pastavörur, þar með taldar pastavörur með fyllingu úr kjöti, fiski, skelfiski, osti eða grænmeti.
- Aðrar vörur, t.d. malt, maltmjöl, maltkjarni, kartöflusterkja, tapiókamjöl, sagógrjón, önnur sterkja, unnar kornvörur (kornflex, hafragrjón o.s.frv.) og jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni sem eru unnin úr mjöli, sterkju eða maltkjarna.

Meðtalið: Kúskús og ámóta mjólríkar vörur sem eru tilreiddar með kjöti, fiski, skelfiski eða grænmeti; blöndur og deig til brauðgerðar.

Undanskilið: Kjötbökur (01.1.2); fiskibökur (01.1.3); sykurmás (01.1.7); jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni sem innihalda minnst 50% kakó (01.1.8).

01.1.2 Kjöt (ND)

- Nýtt, kælt og fryst kjöt af:
 - nautgripum, kindum, geitum og svinum,
 - alifuglum, einnig innmatur úr alifuglum til manneldis,

⁽¹⁾ Flestar greinar taka annaðhvort til vöru eða þjónustu. Greinar sem taka til vöru eru merktar (ND), (SD) eða (D) og gefur merkingin til kynna hvort neysluvaran er ekki varanleg („non-durable“), hálfvaranleg („semi-durable“) eða varanleg („durable“) eftir því sem við á. Merkingin (S) er notuð við greinar sem taka til þjónustu („service“). Sumar greinar taka bæði til vöru og þjónustu þar eð erfitt er að sundurliða þær í vörur annars vegar og þjónustu hins vegar. Slíkar greinar eru yfirleitt merktar með (S) þar eð þjónustubátturinn telst ríkjandi. (E) stendur fyrir orku („energy“) og (SEA) fyrir árstíðabundnar vörur („seasonal products“).

⁽²⁾ Byggt á lokadrögum COICOP-flokkunarkerfisins eins og þau voru samþykkt á sameiginlegum fundi Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN-ECE), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Hagstofu Efnahagsbandalaganna um þjóðhagsreikninga, sem haldinn var í Genf 30. apríl til 3. maí 1996.

- hérum, kanínum og villibráð (dádýrum, villisvínnum, fasönum, skógarhænsnum o.s.frv.),
- hrossum, múldýrum, ösnum, úlföldum og þess háttar,
- Nýr, kældur og frystur innmatur úr dýrum til manneðis.
- Þurrkað, saltað og reykt kjöt og innmatur úr dýrum til manneðis (pýlsur, spægipýlsa, flešk, skinka, kæfa o.s.frv.).
- Annað kjöt, varið skemmdum eða unnið, og kjötafurðir (niðursoðið kjöt, kjötkraftur, kjötsafi, kjötbökur o.s.frv.).

Meðtalið: Kjöt og innmatur úr sjávarspendýrum til manneðis (selum, rostungum, hvólum o.s.frv.)

Undanskilið: Mjölrikar vörur sem innihalda kjöt (01.1.1); froskar, sniglar og sæsniglar (01.1.3); súpur sem innihalda kjöt (01.1.9); hreinsuð svínafeiti og önnur dýrafita til manneðis (01.1.5).

01.1.3 Fiskur (ND) (SEA)

- Nýr, kældur og frystur fiskur.
- Nýr, kældur og frystur skelfiskur (krabbadýr, þar með taldir landkrabbar, lindýr og annar skelfiskur, sniglar og sæsniglar, froskar).
- Þurrkaður, reyktur og saltaður fiskur og skelfiskur.
- Annar fiskur og skelfiskur, varinn skemmdum eða unninn, og fisk- og skelfisksafurðir (niðursoðinn fiskur og skelfiskur, styrjuhrogn og önnur hrogn, fiskibökur o.s.frv.).

Undanskilið: Mjölrikar vörur sem innihalda fisk (01.1.1); fiskisúpur (01.1.9).

01.1.4 Mjólki, ostur og egg (ND)

- Fersk, gerilsneydd og dauðhreinsuð nýmjólki og fitulítill mjólki.
- Mjólki varin skemmdum (þykkt eða niðurseydd mjólki, mjólkiurduft).
- Jógúrt, rjómi, eftirréttir úr mjólki, mjólkiurdrykkir og aðrar á móta mjólkiurafurðir.
- Ostur og ystingur.
- Alifuglaegg, eggjaurduft og aðrar eggafurðir sem eru unnar úr eggjum eingöngu.

Meðtalið: Mjólki, rjómi og jógúrt með viðbættum sykri, kakói, ávöxtum eða bragðefnum.

01.1.5 Oliur og feiti (ND)

- Smjör.
- Smjörlíki og önnur jurtafeiti, þar með talið hnetusmjör.
- Oliur til manneðis (ólífuolía, maísolía, sólblómaolía, baðmullarfræjaolía, sojaolía, jarðhnetuolía o.s.frv.).
- Dýrafita til manneðis (hreinsuð svínafeiti o.s.frv.).

Undanskilið: Þorskalýsi og lúðulýsi (06.A).

01.1.6 Ávextir (ND) (SEA)

- Nýir og kældir ávextir.
- Þurrkaðir ávextir, ávaxtahýði, ávaxtakjarnar, hnetur og fræ til manneldis.
- Ávextir, frystir eða varðir skemmdum með öðrum hætti, og ávaxtaafurðir, þar með talinn jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni sem eru unnin úr ávöxtum eingöngu.

Undanskilið: Grænmeti sem er ræktað ávaxtanna vegna, t.d. tómatar, gúrkur og eggaldin (01.1.7); sulta, marmelaði, grautur, hlaup, ávaxtamauk (01.1.8); plöntuhlutar sem eru varðir skemmdum í sykurlégi (01.1.8); ávaxtasafi (01.2.2); þykkni og sykurlöndur úr ávöxtum til matargerðar (01.1.9) eða til drykkjargerðar (01.2.2).

01.1.7 Grænmeti, þar með taldar kartöflur og önnur hnýði (ND) (SEA)

- Nýtt og kælt grænmeti.
- Fryst grænmeti.
- Þurrkað grænmeti.
- Annað grænmeti, varið skemmdum eða unnið, og grænmetisafurðir, þar með talinn jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni sem unnin eru úr grænmeti eingöngu.
- Nýjar og kældar kartöflur og önnur hnýði (maniókarót, örvarrót, kassava, sætuhnúður og aðrar sterkjurikar rætur).
- Afurðir úr hnýðisgrænmeti (mjöl (finmalað og grófmalað), flögur, mauk, franskar kartöflur og kartöfluflogur), þar með taldar frystar afurðir, t.d. franskar kartöflur.

Meðtalið: Sykurmais, strandsveipur og annar fjörugróður til manneldis, kryddjurtir (steinselja, rósmarín, blóðberg (tímian) o.s.frv.); ætisveppir.

Undanskilið: Kartöflusterkja, tapiókamjöl, sagógrjón og önnur sterkja (01.1.1); súpur, seyði og kraftur (01.1.9); hvítlaukur, engifer, allrahanda og annað krydd og bragðbættiefni (01.1.9); grænmetissafi (01.2.2).

01.1.8 Sykur, sulta, hunang, siróp, súkkulaði og sælgæti (ND)

- Reyri- og rófusykur, óhreinsaður og hreinsaður, sem flórsykur, strásykur eða molasykur.
- Sulta, marmelaði, grautur, hlaup, náttúrulegt og tilbúið ávaxtamauk, hunang, siróp og melassi, þar með taldir plöntuhlutar sem eru varðir skemmdum í sykurlégi.
- Súkkulaði í stöngum og plötum, tyggigúm, brjóstsýkur, karamellur, töflur og annað sælgæti.
- Eftirréttablöndur, jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni sem innihalda minnst 50 % kakó.
- Ís til manneldis og rjómais.

Meðtalið: Gervisykur.

Undanskilið: Kakó og súkkulaðiduft (01.2.1); sykurlöndur til drykkjargerðar (01.2.2).

01.1.9 Matvæli ót.a. (ND)

- Salt, krydd, sósur, bragðbættiefni (sinnep, olíusósa, tómatsósa, sojasósa o.s.frv.), edik, lyftiduft, bökunarger, eftirréttaþöndur, súpur, seyði, kraftur, þykkni og sykurlöndur úr ávöxtum til matargerðar o.s.frv.

Meðtalið: Hvítlaukur, engifer, allrahanda; jafnblandaður barnamatur, megrunarfæði og matargerðarefni önnur en þau sem eru unnin úr mjöli (finnmöluðu og grófmöluðu), sterkju eða maltkjarna (01.1.1) eða ávöxtum eingöngu (01.1.6) eða grænmeti (01.1.7) eða innihalda minnst 50 % kakó (01.1.8)

Undanskilið: Kryddjurtir (01.1.7); eftirréttaþöndur sem innihalda minnst 50 % kakó (01.1.8).

01.2 Óáfengir drykkir

Óáfengir drykkir sem eru afgreiddir til neyslu á staðnum, að meðtöldum drykkjum úr sjálfsölum, falla undir liði 11.1.1 og 11.1.2.

01.2.1 Kaffi, te og kakó (ND)

- Kaffi, einnig kaffinlaust, brennt og malað, að meðtöldu skyndikaffi, kaffikjarna, kaffikrafti og kaffilíki.
- Te, „maté“ og aðrar plöntur sem notaðar eru í seyði
- Kakó, einnig sætt, og súkkulaðiduft.

Meðtalið: Þöndur í drykki sem innihalda kakó, mjólk, malt o.s.frv.; kaffi- og telíki; kjarni og kraftur úr kaffi og tei.

01.2.2 Ölkelduvatn, gosdrykkir og safar (ND)

- Ölkelduvatn.
- Gosdrykkir, t.d. sótavatn, límonaði og kóladykkir.
- Safi úr ávöxtum og grænmeti.
- Sykurlöndur og þykkni til drykkjargerðar.

Undanskilið: Óáfengur kjarni úr brenndum vínnum, líkjörum o.s.frv. (02.1.1); óáfengt vín, eplavín o.s.frv. (02.1.2) og óáfengt öl (02.1.3).

02. ÁFENGIR DRYKKIR OG TÓBAK

02.1 Áfengir drykkir

Áfengir drykkir sem eru afgreiddir til neyslu á staðnum, að meðtöldum drykkjum úr sjálfsölum, falla undir liði 11.1.1 og 11.1.2.

02.1.1 Brennd vín (ND)

- Brennd vín og líkjörar.

Meðtalið: Mjöður; lystaukar sem eru ekki unnir úr vínnum; óáfengur kjarni úr brenndum vínnum og líkjörum o.s.frv.

02.1.2 Léttvín (ND)

- Vín úr þrúgum eða öðrum ávöxtum, að meðtöldu eplavíni og peruvíni.
- Lystaukar úr víni, styrkt vín, kampavín og annað freyðivín, hrísgrjónavín (sake) og þess háttar.

Meðtalið: Óáfengt vín og eplavín o.s.frv.

02.1.3 Öl (ND)

- Allar öltegundir, þ.e. bæði ljós og dökkur bjór.

Meðtalið: Lítt áfengt og óáfengt öl.

02.2 Tóbak (ND)

- Vindlingar og vindlingapappír.
- Vindlar, píputóbak, munntóbak og nefitóbak.

Meðtalið: Tóbak sem keypt er á kaffihúsum, krám, veitingastöðum, bensínstöðvum o.s.frv.

Undanskilið: Aðrar reykingavörur (12.2).

03. FATNAÐUR OG SKÓFATNAÐUR

03.1 Fatnaður

03.1.1 Efni í fatnað (SD)

- Efni úr náttúrulegum trefjum, tilbúnum trefjum og blöndum úr náttúrulegum trefjum og tilbúnum trefjum.

Undanskilið: Áklæði (05.2).

03.1.2 Flikur (SD)

- Flikur fyrir karla, konur, börn (3 til 13 ára) og ungbörn (0 til 2 ára), hvort sem er tilbúin eða saumuð eftir máli, úr hvers kyns efni (þar á meðal leðri, loðskinni, plasti og gúmi), til daglegrar notkunar, við íþróttir eða störf:

- Herðaslár, yfirhafnir, regnfrakkar, anorakkar, úlpur, mittisjakkar o.s.frv.
- Jakkar, buxur, vesti, kjólar, pils, dragtir, jakkaföt o.s.frv.
- Skyrtur, blússur, peysur, jakkapeysur o.s.frv.
- Stuttermabolir, nærbolir, nærbuxur, sokkar, háir kvensokkar, sokkabuxur, brjóstahaldarar, mjaðmabelti, lífstykki.
- Náttföt, náttkjólar, sloppar, baðsloppar og sundföt.
- Barnaföt að meðtöldum taubleium og ungbarnaskóm úr dúk.

Undanskilið: Heilsusokkar, t.d. teygjusokkar (06.A); bleiur úr pappír og baðmullarvatti (12.1.2).

03.1.3 Annar fatnaður og fylgihlutir með fatnaði (SD)

- Hálsbindi, vasaklútar, treflar, slæður, hanskar, vettlingar, handskjól, belti, axlabönd, svuntur, vinnusloppar, smekkir, ermahlífar, hattar, kaskeiti, húfur, alpahúfur, hjálmar.
- Tvinni, ullarband og fylgihlutir til fatagerðar, t.d. sylgur, hnappar, smelluhnappar, rennilásar, borðar, reimar, leggingar o.s.frv.

Undanskilið: Hanskar og aðrir hlutir úr gúmi (05.6.1); tituprjónar, saumnálar og prjónar (05.6.1); höfuðhlífar til íþróttaiðkunar (t.d. í isknattleik, amerískum fótbolta, hafnabolta, krikket, hjólreiðum, hnefaleikum o.s.frv.) (09.1.5); aðrar hlífar til nota í íþróttum, t.d. björgunarvesti, hnefaleikahanskar, legghlífar og aðrar hlífar, hlífðargleraugu, belti o.s.frv. (09.1.5); pappírsvasaklútar (12.1.2); úr, skartgripir, ermahnappar, bindisnælur (12.2); göngustafir, regnhlífar, blævængir, lykklakippur (12.2).

03.1.4 Þurrhreinsun, viðgerðir og leiga á fatnaði (S)

- Þurrhreinsun, þvottur og litun.
- Stoppun, bæting, viðgerðir og breytingar á flikum.
- Fataleiga.

Undanskilið: Leiga á heimilislíni (5.6.2).

03.2 Skófatnaður, þar með taldar viðgerðir (SD)

- Allur skófatnaður fyrir karla, konur, börn (3 til 13 ára) og ungbörn (0 til 2 ára), þar með talinn íþróttaskófatnaður sem hentar til daglegra nota eða við tómsundaiðkun (skór fyrir skokk, víðavangshlaup, tennis, körfubolta, siglingar o.s.frv.).
- Hlutar skófatnaðar (hælar, sólar o.s.frv.).
- Viðgerðir á skófatnaði, þar með talin skóhreinsipjónusta.
- Leiga á skófatnaði, *nema* leiga á skófatnaði fyrir tiltekna íþróttagreinir (keiluskóm, knattspyrnuskóm, hlaupagöddum, skíðaskóm, skófatnaði með áföstum skautum eða hjólum o.s.frv.) (09.2).

Meðtalið: Ökklahlífar, legghlífar og ámóta vörur, fylgihlutir fyrir skófatnað, t.d. skótré og skópvingur.

Undanskilið: Ungbarnaskór úr dúk (03.1.2); bæklunarskófatnaður (06.A); skófatnaður fyrir tiltekna íþróttagreinir (keiluskór, knattspyrnuskór, hlaupagaddar, skíðaskór, skófatnaður með áföstum skautum eða hjólum o.s.frv.) (09.1.5); legghlífar, krikkethlífar og annar hlífðarbúnaður til íþróttaiðkunar (09.1.5).

04. HÚSNÆÐI, VATN, RAFMAGN, GAS OG ANNAR ELDSNEYTI**04.1 Raunhúsaleiga (S)**

Til húsaleigu teljast yfirleitt greiðslur fyrir afnot af lóðinni sem eignin stendur á, rýminu sem búið er í og búnaði og lögnum fyrir kyndingu, vatnsveitu, lýsingu o.s.frv.

Til húsaleigu telst einnig greiðsla fyrir afnot af bílskúr sem tengist húsnæðinu. Ekki er skilyrði að bílskúrin liggi að húsnæðinu, né heldur að hann sé tekinn á leigu hjá sama eiganda.

Til húsaleigu teljast ekki greiðslur fyrir rafmagn, gas, kyndingu, vatn, heitt vatn og sorphirðu.

Innifalín er:

- raunhúsaleiga sem leigjendur eða framleigjendur greiða fyrir húsnæði sem er fast heimili þeirra, með eða án húsgagna;
- raunhúsaleiga sem er greidd fyrir aukahúsnæði.

Meðtalið: Greiðslur fyrir afnot af húsgögnum ef um ræðir húsnæði sem er leigt með húsgögnum; leigugreiðslur fyrir húsnæði sem fjölskyldur nýta til dvalar í leyfum (ath.: ef unnt er að kaupa þjónustuna innan hagsvæðisins er hún þó talin með af sömu ástæðum og pakkaferðir); leigugreiðslur fjölskyldna sem hafa herbergi í gisti húsi eða gistiheimili með matsölu sem fast heimili.

Undanskilið: Leigugreiðslur fyrir bílskúra og bílastæði sem tengjast ekki húsnæðinu (07.2.4A); leigugreiðslur fyrir gistingu á farfuglaheimilum og ámóta stofnunum (11.2); leigugreiðslur fyrir gistingu á orlofssvæðum og í orlofsmiðstöðvum (11.2).

04.3 Venjulegt viðhald og viðgerðir á húsnæði

Tvennt einkennir venjulegt viðhald og viðgerðir á húsnæði: í fyrsta lagi er það starfsemi sem eigandi eða leigjandi verður að sinna reglulega til að halda húsnæðinu í góðu ástandi; í öðru lagi breytir það ekki notagildi húsnæðisins, stærð þess eða áætlaðri endingu.

Öll útgjöld sem leigjendur stofna til vegna efnis og þjónustu til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði teljast til útgjalda heimila vegna einkaneyslu.

Útgjöld íbúa í eigin húsnæði vegna efnis til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði, sem íbúum í eigin húsnæði ber að sjá um sjálfir, teljast til útgjalda heimila vegna einkaneyslu. Útgjöld íbúa í eigin húsnæði vegna þjónustu til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði, sem jafngilda svipuðum útgjöldum leigjenda, teljast einnig til útgjalda vegna einkaneyslu. Önnur útgjöld íbúa í eigin húsnæði vegna þjónustu til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði teljast til aðfanga.

Kaup leigjenda eða íbúa í eigin húsnæði á efni með það fyrir augum að sinna viðhaldi eða viðgerðum sjálfir skulu koma fram í lið 04.3.1. Ef leigjendur eða íbúar í eigin húsnæði greiða fyrirtæki fyrir að framkvæma viðhaldið eða viðgerðirnar ber þó að færa heildarvirði þjónustunnar í lið 04.3.2, að meðtöldum efniskostnaði.

04.3.1 Vörur til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði (ND)

- Vörur á borð við málningu og lakk, múrhúð, veggfóður, veggklæðningu úr dúk, gluggarúður, gips, sement, kitti, veggfóðurslím. Einnig smáhlutir til pípulagna (pípur, límbönd, tengi o.s.frv.) og gólfefni (gólfjálir, keramikflisar o.s.frv.).

Undanskilið: Föst teppi og gólfdukar (05.1.2); handverkfæri, hurðafestingar, rafmagnsdósir, rafleiðslur og ljósaperur (05.5); sópar, ræstingaburstar og afþurrkunarkústar og hreingerningavörur (05.6.1); vörur eru notaðar til verulegra viðgerða, stækkunar og breytingar á húsnæði (fjárfesting).

04.3.2 Þjónusta vegna venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæði (S)

- Þjónusta pípulagningamanna, rafvirkja, trésmiða, glersmiða, málara, skreytingamanna, bónara o.s.frv. sem ráðnir eru til venjulegs viðhalds og viðgerða á húsnæðinu. Tekur til heildarvirðis þjónustunnar, það er bæði launakostnaðar og efniskostnaðar.

Undanskilið: Þjónusta vegna verulegra viðgerða, stækkunar og breytingar á húsnæði (fjárfesting).

04.4A Önnur þjónusta tengd húsnæði (S) ⁽¹⁾

- Sorphirða - neytendur greiða í samræmi við notkun (04.4.1A).
- Fráveitubjónusta - neytendur greiða í samræmi við notkun (04.4.2A).
- Vatnsveita - neytendur greiða í samræmi við notkun (04.4.3A).
- Önnur þjónusta tengd húsnæði ót.a (04.4.4):
 - húsvarsla, garðyrkja, þrif og lýsing í stigagangi, viðhald á lyftum og sorprenum í fjölbýlishúsum,
 - snjómokstur og hreinsun skorsteina,
 - götusópun.

Meðtalið: Skyld útgjöld, t.d. leiga og aflestur á mælum, föst afnotagjöld o.s.frv.

Undanskilið: Hitaveita og gufuveita (04.5.5); sóttþreinsun og meindýraeyðing (05.6.2).

04.5 Rafmagn, gas og annað eldsneyti**04.5.1 Rafmagn (ND) (E)**

Meðtalið: Skyld útgjöld, t.d. leiga og aflestur á mælum, föst afnotagjöld o.s.frv.

04.5.2 Gas (ND) (E)

- Veitugas og jarðgas.
- Fljótandi kolvetni (bútan, própan o.s.frv.).

Meðtalið: Skyld útgjöld, t.d. leiga og aflestur á mælum, kútar, föst afnotagjöld o.s.frv.

04.5.3 Fljótandi eldsneyti (ND) (E)

- Olía til húshitunar og lampaolía.

04.5.4 Fast eldsneyti (ND) (E)

- Kol, koks, eldsneytiskögglar, eldiviður, viðarkol, mór og þess háttar.

04.5.5 Heitt vatn, gufa og is (ND) (E)

- Aðkeypt heitt vatn og gufa.
- Ís sem er notaður til kælingar.

05. HÚSBÚNAÐUR, HEIMILISTÆKI OG REGLUBUNDIÐ VIÐHALD HÚSNÆÐIS**05.1 Húsgögn, húsbúnaður og skrautmunir, teppi og önnur gólfklæðning og viðgerðir**

⁽¹⁾ „Neytendur greiða í samræmi við notkun“: i) þegar þeir greiða gjöld samkvæmt mælingu, ii) þegar þeir greiða fast gjald sem líta má á sem áætlaða notkun þeirra á þjónustunni og iii) þegar þeir greiða tengingargjald sem er jafnframt greiðsla fyrir notkun á þjónustunni upp að vissu marki, neytendur greiða ekki í samræmi við notkun ef þjónustan er fjármögnuð með sköttum.

05.1.1 Húsgögn og húsbúnaður (D)

- Rúm, sófar, divanar, borð, stólar, skápar, kommóður og bókahillur.
- Ljósabúnaður, t.d. loftljós, gólfampar, ljóskúplar og náttborðslampar.
- Myndir, höggmyndir, tré- og málmristur og aðrir listmunir að meðtöldum eftirmyndum listaverka og öðrum skrautmunum.
- Skermar, renniskilrúm og önnur húsgögn og búnaður.

Meðtalið: Uppsetning, ef við á; rúmbotnar, japanskar gólfmottur (tatami); baðherbergisskápar; ungbarnahúsgögn, t.d. vöggur, barnastólar og leikgrindur; innanhússtjöld önnur en úr dúk (05.2); útilegu- og garðhúsgögn að frátöldum sólhlífum (05.2); speglar og kertastjakar.

Undanskilið: Peningaskápar (05.3.1/2); klukkur (12.2); vegghitamælar og -loftvogir, barnavagnar og barnakerrur (12.2).

05.1.2 Teppir og önnur gólfklæðning (D)

- Laus teppi, föst teppi, gólf dúkur og önnur gólfklæðning af svipuðu tagi.

Meðtalið: Lagning gólfklæðninga.

Undanskilið: Gólfþjalar og keramikflísar (04.3.1); baðmottur, strámottur og dyramottur (05.2).

05.1.3 Viðgerðir á húsgögnum, húsbúnaði og gólfklæðningu (S)

Meðtalið: Viðgerðir á gömlum húsgögnum og listmunum; hreinsun á húsgögnum, húsbúnaði og gólfklæðningu.

Undanskilið: Uppsetning (05.1.1), lagning (05.1.2).

05.2 **Textilvörur til heimilisnota (SD)**

- Áklæði, gluggatjöld, skyggni, forhengi og innanhússtjöld úr dúk.
- Rúmbúnaður, t.d. dýnur, koddar og hengirúm.
- Rúmföt, t.d. lök, koddaver, teppi, ferðateppi, voðir, dúnsængur, rúmteppi og flugnanet.
- Borð- og baðlín, t.d. borðdúkar og munnþurrkur, baðsloppar, handklæði og þvottapokar.
- Aðrar textilvörur til heimilisnota, t.d. innkaupapokar, pokar undir þvott, fatapokar og húsgagnayfirbreiðslur, fánar, sólhlífar o.s.frv.
- Viðgerðir á textílörum til heimilisnota.

Meðtalið: Álnavara; vaxdúkur; baðmottur, strámottur og dyramottur.

Undanskilið: Veggklæðning úr dúk (04.3.1); gólfklæðning á borð við laus og föst teppi (05.1.2); leiga á heimilislíni (05.6.2); yfirbreiðslur fyrir bifreiðar, bifhjól o.s.frv. (07.2.1); vindsængur og svefnpokar (09.1.5).

05.3 **Hitunar- og eldunartæki, kælikápar, þvottavélar og ámóta stærri heimilistæki, þar með taldir tengihlutir og viðgerðir**

05.3.1/2 Stærri heimilistæki, rafknúin og órafknúin (D), og minni rafknúin heimilistæki (SD)

- Kælikápar, frystar og sambyggðir kæli- og frystiskápar.
- Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar og strau- og pressunarvélar.
- Eldavélar, snúningsgrill, hitahellur, eldunarplötur, ofnar og örbylgjuofnar.
- Loftræstitæki, rakatæki, hitatæki, vatnshitara, viftur og gufugleypar.
- Ryksugur, gufuhreinsivélar, teppahreinsunarvélar og vélar til að hreinsa, bóna og fægja gólf.
- Önnur stærri heimilistæki, t.d. peningaskápar, sauma- og prjónavélar, vatnsmýkingarbúnaður og þurrkskápar.
- Kaffikvarnir, kaffivélar, safapressur, dósahnífar, matvinnsluvélar, djúpsteikingarpottar, kjötgrill, hnífar, brauðristar, ís- og frauðsvélar, jógúrtvélar, hitaplötur, straujárn, katlar, viftur, eldhúsvogir.

Meðtalið: Uppsetning tækjanna.

Undanskilið: Tæki sem eru innbyggð í húsið (fjárfesting); lítil órafknúin heimilistæki og áhöld (05.4); baðvogir og ungbarnavogir (12.1.2).

05.3.3 Viðgerðir á heimilistækjum (S)

Undanskilið: Uppsetning stærri heimilistækja.

05.4 **Glervörur, borðbúnaður og búasáhöld (SD)**

- Gler- og kristalsvörur fyrir heimili, skrifstofur og til skreytinga.
- Borðbúnaður og heimilissvörur og salernistæki úr postulíni, keramíki, leir, „terrakotta“.
- Hnífapör, fót og silfurmunir.
- Órafknúin eldhúsáhöld úr hvers kyns efnum, t.d. pottar, grýtur, steikarpönnur, grill, kaffikvarnir, blandarar, hakkavélar, hitaplötur, eldhúsvogir og ámóta vélræn áhöld.
- Önnur búasáhöld úr hvers kyns efnum, t.d. ilát undir brauð, kaffi, krydd o.s.frv., ruslafötur, pappírskörfur, þvottakörfur, lausir sparibaukar og peningakassar, handklæðagrindur, flöskuhillur, straujárn og straubretti, póstkassar, pelar, hitabrusar og ísbox.
- Viðgerðir á þessum hlutum.

Undanskilið: Ljósabúnaður (05.1.1); rafknúin heimilistæki (05.3.1/2); borðbúnaður úr pappa (05.6.1); baðvogir og ungbarnavogir (12.1.2).

05.5 Verkfæri og búnaður fyrir hús og garð (D, SD)

- Vélknúin verkfæri og búnaður, t.d. rafknúnar borvélur, sagir, slípivélur og runnaklippur, garðdráttarvélur, vélknúnar sláttuvélur, jarðvinnsluvélur, keðjusagir og vatnsdælur.
- Handverkfæri, t.d. hamrar, skrúfjárn, skrúflyklar og tengur.
- Garðyrkjuáhöld, t.d. handknúnar sláttuvélur, hjólbörur, rekur, skóflur, hrifur, kvíslir, ljáir, sigðir og klippur.
- Stigar og tröppur.
- Hurðafestingar (lamir, húnar og lásar), festingar fyrir ofna og arna og aðrir málmhlutir fyrir hús (gluggatjaldastengur, teppafestingar fyrir tröppur, snagar o.fl.) og garð (keðjur, grindur, staurar og bönd í girðingar).
- Smáhlutir til raflagna, t.d. dósir, rofar, leiðslur, ljósaperur, flúrlampar, vasaljós, handluktir, raflöður til almennra nota, bjöllur og viðvörunartæki.
- Viðgerðir á þessum hlutum.

05.6 Vörur og þjónusta vegna reglubundins viðhalds á heimilinu

05.6.1 Vörur til heimilishalds sem eru ekki varanlegar (ND)

- Hreingerningar- og viðhaldsvörur, t.d. sápur, þvottaduft, ræstiduft, hreinsiefni, sótthreinsandi bleikiefni, mykingarefni, rúðuhreinsiefni, bón, fægilögur, litunarefni, stíflulosandi efni, sótthreinsandi efni, skordýraeitur, sveppaeitur og eimað vatn.
- Pappírsvörur, t.d. síur, borðdúkar og munnþurrkur, eldhúspappír, ryksugupokar og borðbúnaður úr pappa, þar með talinn álpappír og sorppokar úr plasti.
- Hlutir til hreingerninga, t.d. kústar, ræstingaburstar, fægiskóflur og sópar, afþurrkunarkústar, tuskur, diskapurrkur, gólfklútar, svampar, stálull og þvottaskinn.
- Aðrir hlutir til heimilishalds sem eru ekki varanlegir, t.d. eldspýtur, kertir, lampakveikir, brennsluspritt, þvottaklemmur, herðatré, saumnálar og þrjónar, fingurbjargir, öryggisnælur, naglar, skrúfur, rær og boltar, teiknibólur, saumur, skifur, lím og límbönd til heimilisnota, snæri, seglgarn og gúmhanskar.

Undanskilið: Vörur til skrudgarðavinnu (09.1.7); pappírsvasaklútar, salernispappír, handsápa og aðrar vörur til hreinlætisnota (12.1.2).

05.6.2 Heimilisaðstoð og önnur þjónusta fyrir heimili (S)

- Launað starfslið í einkaþjónustu, t.d. ráðsmenn, kokkar, þjónustustúlkur, ræstingafólk, bifreiðastjórar, garðyrkjumenn, kennslukonur, ritarar, einkakennarar og ungmenni sem eru ráðin „au pair“.
- Heimilisaðstoð, þar með talin barnagæsla sem stofur eða sjálfstæðir atvinnurekendur sjá um.
- Leiga á húsgögnum, húsbúnaði, heimilistækjum og heimilislíni.
- Önnur húshjálp, t.d. gluggaþvottur, sótthreinsun, svæling og meindýraeyðing.

Undanskilið: Þurrhreinsun, þvottur (03.1.4); greiðslur leigjenda húsnæðis með húsgögnum fyrir afnot af húsgögnum (04.1); sorphirða og fráveituþjónusta (04.4.1/2A); húsvarsla, garðyrkja, þrif og lýsing í stigagangi, viðhald á lyftum og sorprenum í fjölbýlishúsum (04.4.4); snjómokstur og

hreinsun skorsteina (04.4.4); götusópun (04.4.4); viðgerðir og uppsetning á húsgögnum, lagning gólfklæðningar (05.1); viðgerðir og uppsetning á heimilistækjum (05.3); þjónusta brjóstmæðra, vöggustofa, barnaheimila og annarra barnagæslustofnana (ekki í vísitölunni).

06.A **HEILSUGÆSLA: Lyf og lyfjavörur og meðferðartæki og -búnaður - neytandi greiðir án þess að um endurgreiðslur sé að ræða (ND, SD, D)**

Tekur til lyfja og lyfjavara og meðferðartækja og -búnaðar sem falla utan almannatryggingakerfis aðildarríkisins; vörurnar eru ekki endurgreiddar á árinu.

Undir þennan lið getur meðal annars fallið eftirtalið:

- Fjörefni og steinefni, verkjalyf, hóstalyf, þorskalýsi og lúðulýsi.
- Hitamælar, heftiplástrar og sárabindi, sprautur, sjúkrakassar, hitapokar og íspokar, heilsusokkar, t.d. teygjusokkar og hnéhlífar.
- Verjur og aðrar getnaðarvarnir.
- Gleraugu með sjónglerjum og snertilinsur, heyrnartæki, gerviaugu úr gleri, spelkur og stoðtæki, lækningabelti, kviðslitsbindi og stoðir, hálskragar, nuddtæki og lampar til lækninga, vélknúnir og óvélknúnir hjólastólar og ökutæki fyrir fatlaða.
- Gervitennur, en ekki kostnaður við ísetningu.
- Bæklunarskófatnaður.

Undanskilið: Lyf og lyfjavörur og meðferðartæki og -búnaður sem almannatryggingakerfi aðildarríkisins endurgreiðir að hluta eða að fullu (ekki í vísitölunni); hvers kyns þjónusta, til dæmis leiga á meðferðarbúnaði og önnur þjónusta (ekki í vísitölunni); sólgleraugu án sjónglerja (12.2); hlífðargleraugu, belti og stoðbindi til íþróttaiðkunar (09.1.5); lyfjasápa (12.1.2); dýralækningavörur (09.1.8).

07. SAMGÖNGUR

07.1 **Kaup á ökutækjum**

Kaup á ökutækjum til tómstundaiðkunar, t.d. húsbílum, hjólhýsum, eftirvögnum, flugvélum og bátum, heyrir undir 09.1.4.

Vægi nýrra og notaðra fólksbifreiða endurspeglar nettóaðföng vísitöluhópsins. Aðildarríkin eiga þess kost að velja:

- i) nettóvægi nýrra bifreiða (brúttóvægi að frádrögnum skiptivirði notaðra bifreiða) og nettóvægi notaðra bifreiða sem endurspeglar öll kaup vísitöluhópsins hjá milliliðum eða fyrir tilstuðlan þeirra - það eru yfirleitt bifreiðaverkstæði eða bifreiðasölur - að frádrögnum skiptivirði notaðra bifreiða;
- ii) brúttóvægi nýrra bifreiða (án tillits til skiptivirðis notaðra bifreiða) og vægi notaðra bifreiða sem endurspeglar öll kaup vísitöluhópsins hjá fyrirtækjum auk ágóðans af viðskiptum með notaðar bifreiðar sem eru seldar innan vísitöluhópsins; gert er ráð fyrir að notaðar bifreiðar, sem teknar eru upp í nýjar, séu seldar vísitöluhópnum og séu það því viðskipti innan vísitöluhópsins.

07.1.1 Nýjar og notaðar bifreiðar (D)

- Nýjar fólksbifreiðar, stórar farþegabifreiðar, skutbifreiðar og þess háttar, með drifi á tveimur eða fjórum hjólum.
- Notaðar fólksbifreiðar, stórar farþegabifreiðar, skutbifreiðar og þess háttar, með drifi á tveimur eða fjórum hjólum.

Undanskilið: Ökutæki fyrir fatlaða (06.A); húsbílar (09.1.4); ökutæki fyrir golfvelli (09.1.4).

07.1.2/3 Bifhjól og reiðhjól (D)

- Bifhjól af öllum gerðum, létt bifhjól og reiðhjól með hjálparvél.
- Reiðhjól og þríhjól af öllum gerðum, nema leikfangahjól (tvíhjól og þríhjól) (09.1.5).

Meðtalið: Hliðarvagnar; vélsleðar.

Undanskilið: Ökutæki fyrir fatlaða (06.A); ökutæki fyrir golfvelli (09.1.4).

07.2 **Rekstur einkasamgöngutækja**

Efniskaup heimila með það fyrir augum að sjá um viðhald eða viðgerðir upp á eigin spýtur skulu koma fram í lið 07.2.1 eða 07.2.2. Ef heimili greiða aftur á móti fyrirtæki fyrir að sinna viðhaldi eða viðgerðum skal heildarvirði þjónustunnar, ásamt efniskostnaði, koma fram í lið 07.2.3.

07.2.1 Varahlutir og fylgihlutir (SD)

- Hjólbarðar (nýir, notaðir og sólaðir), slöngur, kerti, rafgeymar, höggdeyfar, síur, dælur og aðrir varahlutir og fylgihlutir fyrir einkasamgöngutæki.

Meðtalið: Vörur sem eru ætlaðar sérstaklega til hreinsunar og viðhalds á samgöngutækjum, t.d. lakk, krómhreinsiefni, þéttiefni og bón; yfirbreiðslur fyrir bifreiðar, bifhjól o.s.frv.

Undanskilið: Vörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hreinsunar og viðhalds á samgöngutækjum, t.d. eimað vatn, svampar, þvottaskinn, hreinsiefni o.s.frv. (05.6.1); greiðslur fyrir ísetningu varahluta og fylgihluta og fyrir sprautun, þvott og bón á yfirbyggingu (07.2.3); útvarpstæki í bíla (09.1.1) og farsímar (8.1.2/3).

07.2.2 Eldsneyti og smurefni (ND) (E)

- Bensín og annað eldsneyti, t.d. disilolía, fljótandi jarðolíugas (kútagas), vinandi og blöndur fyrir tveggisvélur.
- Smurefni, hemla- og girkassavökvar, kælivökvar og íblöndunarefni.

Meðtalið: Eldsneyti fyrir tómsundaökutækin sem heyra undir lið 09.1.4.

Undanskilið: Greiðslur fyrir olíuskipti og smurningu (07.2.3).

07.2.3 Viðhald og viðgerðir (S) ⁽¹⁾

- Aðkeypt þjónusta til viðhalds og viðgerða á samgöngutækjum, t.d. ísetning varahluta og fylgihluta, hjólastilling, bifreiðaskoðun, bilanaþjónusta, olíuskipti, smurning og þvottur. Tekur til heildarvirðis þjónustunnar, það er bæði vinnukostnaðar og efniskostnaðar.

⁽¹⁾ Vægi þessa liðar skal stilla þannig að hann taki einnig til viðgerða sem greiddar eru með bótum beint frá tryggingafélögum (sjá einnig lið 12.4A).

07.2.4A Önnur þjónusta tengd einkasamgöngutækjum (S)

Samkvæmt reglum evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (EÞK) frá 1995 falla undir þennan lið greiðslur heimila fyrir skirteini, leyfi o.s.frv. sem litið er á sem kaup á þjónustu frá hinu opinbera (EÞK 1995, liður 3.76.h). Þá veitir hið opinbera leyfin í tengslum við eftirlitsstarfsemi, t.d. eftirlit með hæfni eða menntun viðkomandi (EÞK 1995, liður 4.80.d, ásamt neðanmálsgrein).

- Leiga á einkasamgöngutækjum án bifreiðastjóra.
- Leiga á bílskúrum og bifreiðastæðum sem tengjast ekki íbúðarhúsnæði.
- Ökukennsla (á bifreiðar og bifhjól), ökuþróf og ökuskirteini.
- Vegatollar (brýr, göng, ferjur, hraðbrautir) og stöðumælar.
- Prófun á aksturshæfni ökutækja.

Undanskilið: Leiga á bifreið ásamt bifreiðastjóra (07.3.2); leiga á bílskúr sem tengist íbúðarhúsnæði (04.1); leyfi til að eiga eða nota ökutæki (ekki í vísitölunni).

07.3 Samgönguþjónusta

Kaup á samgönguþjónustu eru flokkuð eftir samgönguhætti. Ef miði nær til tveggja eða fleiri samgönguhátta - til dæmis strætisvagna og jarðlesta innanbæjar eða lestarferða milli bæja og ferja - ber að færa kaup á slíkri þjónustu í lið 07.3.6A.

07.3.1A Farþegaflutningar með jarnbrautum (S)

- Flutningur á einstaklingum, hópum fólks og farangri skemmri eða lengri vegalengdir með jarnbrautum, sporvögnum og jarðlestum.

Meðtalið: Flutningur einkaökutækja; gistiþjónusta.

Undanskilið: Flutningur með togbrautum (07.3.5A); kostnaður við máltíðir og veitingar nema hann sé innifalinn í fargjaldi (11.1.1).

07.3.2A Farþegaflutningar á vegum (S)

- Flutningur á einstaklingum, hópum fólks og farangri skemmri eða lengri vegalengdir með strætisvögnum, langferðabifreiðum, leigubifreiðum og bifreiðum sem eru leigðar með bifreiðastjóra.

Undanskilið: Sjúkraflutningar (ekki í vísitölunni); kostnaður við máltíðir og veitingar nema hann sé innifalinn í fargjaldi (11.1.1).

07.3.3A Farþegaflutningar í lofti (S)

- Flutningur á einstaklingum, hópum fólks og farangri með flugvélum og þyrlum.

Undanskilið: Sjúkraflutningar (ekki í vísitölunni); kostnaður við máltíðir og veitingar nema hann sé innifalinn í fargjaldi (11.1.1).

07.3.4A Farþegaflutningar á sjó og skipgengum vatnaleiðum (S)

- Flutningur á einstaklingum, hópum fólks og farangri með skipum, bátum, ferjum, svifnökkvum og spaðabátum.

Meðtalið: Flutningur einkaökutækja; gistiþjónusta.

Undanskilið: Sjúkraflutningar (ekki í vísitölunni); kostnaður við máltíðir og veitingar nema hann sé innifalinn í fargjaldi (11.1.1).

07.3.5A Önnur aðkeypt samgönguþjónusta (S)

- Flutningur með togbrautum, svifbrautum og kláfum.
- Flutningur og geymsla á búslóðum.
- Þjónusta burðarmanna; farangursgeymsla og framsending farangurs.
- Umboðslaun ferðaskrifstofa.

Undanskilið: Sjúkraflutningar (ekki í vísitölunni); svifbrautir, kláfar og skíðalyftur á skíðasvæðum og orlofsmiðstöðvum (09.2).

07.3.6A Samsettir miðar (S)

- Miði sem nær til tveggja eða fleiri samgönguhátta þannig að ekki er unnt að deila kostnaðinum milli þeirra.

Undanskilið: Sjúkraflutningar (ekki í vísitölunni); svifbrautir, kláfar og skíðalyftur á skíðasvæðum og orlofsmiðstöðvum (09.2).

08. FJARSKIPTI

08.1 **Fjarskipti**

08.1.1 Póstþjónusta (S)

- Greiðslur fyrir bréfa-, póstkorta- og bögglaendingar.

Meðtalið: Kaup á nýjum frimerkjum, póstkortum sem eru seld með áfestu gjaldmerki og loftbréfum; einkareknir póst- og -bögglaflutningar.

Undanskilið: Kaup á notuðum og stimpluðum frimerkjum (09.1.5); fjármálaþjónusta pósthúsa (12.5A).

08.1.2/3 Síma- og bréfasímabúnaður og talsíma-, ritsíma- og bréfasímaþjónusta (S)

- Kaup á simtækjum, farsímum, bréfasímum, simsvörum og hátölurum fyrir síma.
- Kostnaður við uppsetningu símabúnaðar til einkanota og áskrift að honum.
- Símtöl frá einkasímum og almenningssímum.
- Ritsíma-, fjarrita- og bréfasímaþjónusta.
- Gagnaflutningsþjónusta.

Meðtalið: Viðgerðir á slíkum búnaði; þráðlaus talsíma-, ritsíma- og bréfasímaþjónusta; símtöl á gistihúsum, kaffihúsum og veitingahúsum; leiga á simtækjum, bréfasímum, simsvörum og hátölurum fyrir síma, aðgangur að Interneti.

Undanskilið: Bréfasíma- og símsvarabúnaður með einkatölvum (09.1.3).

09. TÓMSTUNDIR OG MENNING

09.1 **Búnaður og fylgihlutir, þar með taldar viðgerðir**

09.1.1 Búnaður til viðtöku, upptöku og flutnings á hljóði og myndum (D)

- Útvarpstæki, útvarpstæki i bíla, útvarpsklukkur, talstöðvar og viðtæki og sendar fyrir áhugaútvarpsmenn („radióamatöra“).
- Sjónvörp, myndbandstæki, hvers kyns sjónvarpsloftnet.
- Plötuspilarar, segulbandstæki, snældutæki, geislaspilarar, vasatæki, hljómtækjasamstæður og einstakir hlutar þeirra (plötuspilarar, viðtæki, magnarar, hátalarar o.s.frv.), hljóðnemar og heyrnartól.

Undanskilið: Myndbandstökuvélar og kvikmyndatökuvélar með hljóðupptöku (09.1.2); viðgerðir á slíkum búnaði (09.1.9); leiga á slíkum búnaði, afnotagjöld og skattar sem lagðir eru á hljóð- og myndmiðlunarbúnað, áskrift að einkareknum sjónvarpsstöðvum (09.2).

09.1.2 Ljósmynda- og kvikmyndabúnaður og sjóntæki (D)

- Ljósmyndavélar, kvikmyndatökuvélar og kvikmyndatökuvélar með hljóðupptöku, myndbandstökuvélar, kvikmynda- og skyggusýningarvélar, stækkarar og filmuframköllunarbúnaður og fylgihlutir, t.d. sýningartjöld, skoðarar, linsur, leifturljósabúnaður, ljóssiur og ljósmælar.
- Sjónaukar, smásjár og áttavitar.

09.1.3 Gagnavinnslubúnaður (D)

- Einkatölvur og tölvuskjái, prentarar, hugbúnaður og ýmis fylgibúnaður.
- Reiknivélar, að meðtöldum vasareiknum.
- Ritvélar og ritvinnsluvélar.

Meðtalið: Bréfasíma- og símsvarabúnaður með einkatölvum.

Undanskilið: Leikjatölvuforrit, leikjatölvusnældur og leikjatölvur sem tengdar eru við sjónvarpstæki (09.1.5); ritvélaborðar (09.3); reiknistokkar (09.3).

09.1.4 Aðrar stærri varanlegar vörur til tómstundaiðkunar og menningarstarfs (D)

- Húsbílar, hjólhýsi og eftirvagnar.
- Flugvélar, fis og svifdrekar.
- Lystibátar, utanborðshreyflar, segl, reiði og yfirbygging.
- Stærri hlutir til leikja og íþróttar, t.d. kanóar, kajakar, seglbretti, líkamsræktartæki, köfunarbúnaður, billjarðborð, borðtennisborð, kúluspilvélar, spilakassar og ökutæki fyrir golfvelli.
- Færanlegar sundlaugar.
- Hljóðfæri, þar með talin rafmagnshljóðfæri, t.d. pianó, orgel, fiðlur, gítarar, trompetar, klarínnettur og þverflautur.
- Hestar og smáhestar.

Undanskilið: Lítil hljóðfæri á borð við blokkflautur, munnhörpur o.s.frv. (09.1.5); uppblásanlegir bátar og sundlaugar (09.1.5).

09.1.5 Spil, leikföng og tómstundabúnaður, íþróttavörur, viðlegubúnaður og útivistarbúnaður (SD)

- Spil, samkvæmisleikir, töfl og þess háttar.
- Hvers kyns leikföng, þar með taldar brúður, tuskudýr, leikfangabílar og -lestir, leikfangahjól (tvíhjól og þríhjól), smíðasett, raðþrautir, leir, rafeindaleikir, grimur, grimubúningar, spaughlutir, flugeldar, skrautborðar og jólatrésskraut.
- Hlutir til frimerkjasöfnunar, t.d. notuð og stimpluð frimerki og frimerkjaalbúm og aðrir hlutir til söfnunariðju (steinafræði, dýrafræði, grasafræði o.s.frv.).
- Búnaður til leikfimi, líkamsræktar og íþróttar, t.d. boltar, spaðar, kylfur, skiði, skautar, hjólaskautar, stengur, lóð, kringlur, kastspjót, lyftingastengur og gormar.
- Skotvopn og skotfæri til veiða og íþróttar, veiðistengur og annar fiskveiðibúnaður.
- Búnaður til leikja á strönd og utandyra, t.d. „boccia“, krocket, svifdiskar, þar með taldar uppblásanlegar sundlaugar, bátar og flekar.
- Viðlegubúnaður, t.d. tjöld og fylgihlutir, svefnpokar og bakpokar, vindsængur og loftdælur, prímusar og grill.

Meðtalið: Spiladósir og lítil hljóðfæri á borð við blokkflautur, munnhörpur, blistrur o.s.frv.; leikjatólvuforrit, leikjatólvusældur og leikjatólvur sem tengdar eru við sjónvarpstæki; skófatnaður fyrir tiltekna íþróttagreinir, t.d. keiluskór, knattspyrnskór, hlaupagaddar, skiðaskór og skófatnaður með áföstum skautum eða hjólum; höfuðhlífur til íþróttaiðkunar (t.d. í ísknattleik, amerískum fótbolta, hafnabolta, krikket, hjólreiðum, hnefaleikum o.s.frv.); aðrar hlífur til íþróttaiðkunar, t.d. björgunarvesti, hnefaleikahanskar, legghlífur og aðrar hlífur, hlífðargleraugu, belti, stoðbindi o.s.frv.

Undanskilið: Viðlegu- og garðhúsgögn (05.1.1); söfnunarhlutir sem teljast til listmuna eða formmuna (05.1.1); líkamsræktartæki (09.1.4); jólatré (09.1.7); úrklippubækur fyrir börn (09.3); ónotuð frimerki (8.1.1).

09.1.6 Upptökumiðlar fyrir myndir og hljóð (SD)

- Hljómplötur og geisladiskar.
- Átekin segulbönd, snældur, myndbandsspólur, disklingar og CD-ROM-geisladiskar fyrir segulbandstæki, myndbandstæki og einkatölvur.
- Óátekin segulbönd, snældur, myndbandsspólur, disklingar og CD-ROM-geisladiskar fyrir segulbandstæki, myndbandstæki og einkatölvur.
- Óáteknar filmur, hylki og diskar til ljósmyndunar og kvikmyndunar.

Meðtalið: Ljósmyndavörur á borð við pappír og perur í leifturljós.

Undanskilið: Rafhlöður (05.5); leikjatólvusældur (09.1.5); framkallaðar ljósmyndir og skyggjur (09.2).

09.1.7 Garðyrkja (ND)

- Plöntur, runnar, blómlaukar, hnýði, fræ, áburður, safnhaugamold, sérstök mold fyrir skrudgarða, náttúruleg blóm og blöð og gerviblóm og -blöð, blómapottar og pottastandar.

Meðtalið: Lifandi jólatré og gervijólatré.

Undanskilið: Garðyrkjuáhöld (05.5).

09.1.8. Gæludýr (ND)

- Gæludýr, gæludýrafóður, dýralækninga- og snyrtivörur fyrir gæludýr, hálsbönd, ólar, hundahús, fuglabúr, fiskabúr, kattasandur o.s.frv.

Undanskilið: Hestar og smáhestar (09.1.4); dýralæknisþjónusta (09.2).

09.1.9. Viðgerðir á búnaði og fylgihlutum til tómstundaiðkunar og menningarstarfs (S)

- Viðgerðir á hljóð- og myndmiðlunarbúnaði, einkatölvum, hljóðfærum, lystiflugvélum og -bátum, spilum, leikföngum og búnaði til íþróttar, veiða, fiskveiða og viðlegu.

09.2A Þjónusta í tengslum við tómstundaiðkun og menningarstarf (S)

- Þjónusta sem er veitt á eða í:
 - kvikmyndahúsum, leikhúsum, óperuhúsum, tónleikasölum, söngleikjahúsum,
 - íþróttavöllum, hjólréiðabrautum, veðhlaupabrautum o.s.frv.,
 - söfnum, bókasöfnum, listhúsum, sýningum,
 - stöðum sem geyma sögulegar minjar, þjóðgörðum, dýragörðum og grasagörðum,
 - hljóð- og ljósasýningum,
 - hringleikahúsum, markaðshátíðum og skemmtigörðum,
 - hringekjum, vegasöltum og öðrum leikvallatækjum fyrir börn,
 - kúluspilsvélum og öðrum spilum fyrir fullorðna, að frátöldum áhættuspilum,
 - skíðabrekkum og skíðalyftum.
- Leiga á búnaði og fylgihlutum til tómstundaiðkunar og menningarstarfs, einkum sjónvarpstækjum, myndbandsspólum, flugvélum, bátum, hestum, skíða- og viðlegubúnaði.
- Aðgangseyrir að sundlaugum og leiga á tennisvöllum, veggtennisvöllum og keiluspilsbrautum.
- Kennslustundir utanskóla, fyrir einstaklinga eða hópa, í „bridge“, dansi, tónlist, skíðaiþróttum, sundi og annarri tómstundaiðju.
- Þjónusta tónlistarmanna, trúða og annarra listamanna á einkaskemmtunum.
- Þjónusta ljósmyndara, t.d. framköllun, eftirprentun, stækkun, andlitsmyndir o.s.frv.
- Dýralæknisþjónusta og önnur þjónusta fyrir gæludýr, t.d. snyrting og gæsla.
- Þjónusta leiðsögumanna á fjöllum, í skoðunarferðum o.s.frv.

Meðtalið: Svifbrautir og kláfar á skíðasvæðum og í orlofsmiðstöðvum; sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingar, einkum afnotagjöld og áskriftargjöld fyrir sjónvarpsstöðvar; þáttasölusjónvarp; leiga á skófatnaði fyrir tilteknar íþróttagreinar, t.d. keiluskóm, knattspyrnuskóm, hlaupagöddum, skíðaskóm og skófatnaði með áföstum skautum eða hjólum.

Undanskilið: Svifbrautir og kláfar utan skíðasvæða og orlofsmiðstöðva (07.3.5A); vínveitingastaðir með skemmtiatriðum (11.1.1); tölunámskeið, tungumálanámskeið, vélritunarnámskeið o.s.frv. (10.A); þjónustugjöld í tengslum við happdrætti, veðmangara, veðmálsvélar, spilavíti og önnur fyrirtæki á sviði fjárhættuspils, spilakassa, bingóhallir, skafmiða, getraunir o.s.frv. (ekki í vísitölunni).

9.3 **Dagblöð, bækur og ritföng (SD, ND)**

- Bækur, þar með taldar landabréfabækur, orðabækur, alfræðirit og kennslubækur.
- Dagblöð og tímarit.
- Vörulistar og auglýsingaefni.
- Veggspjöld, heillaóskakort og nafnspjöld, tilkynninga- og skilaboðaspjöld, póstkort með og án mynda, dagatöl.
- Vegakort, heimskort og hnattlíkön.
- Skrifblokkir, umslög, bókhaldsbækur, minnisbækur, dagbækur o.s.frv.
- Pennar, blýantar, lindarpennar, kúlupennar, merkipennar, blek, sköfuhnífar, strokleður, yddarar o.s.frv.
- Stenslar, kalkipappír, ritvélaborðar, stimpilpúðar, leiðréttingavökvar o.s.frv.
- Gatarar, pappírshnífar, pappírsskæri, lim til skrifstofunota, heftarar og hefti, bréfa-klemmur, teiknibólur o.s.frv.
- Efni til teikningar og málunar, t.d. strigi, pappír, karton, málning, vaxlitir, pastellitir og penslar.

Meðtalið: Úrklippubækur og albúm handa börnum og kennsluefni, t.d. kennslubækur, stílabækur, reiknistokkar, hringfarar, hornmát, gráðubogar, töflur, kítar og pennaveski.

Undanskilið: Frimerkjaalbúm (09.1.5), póstkort sem eru seld með áfestu gjaldmerki og loftbréf (8.1.1), vasareiknar (09.1.3).

09.4 **Pakkaferðir (S)**

- Ferðir þar sem fargjöld, fæði, gisting, leiðsögn o.s.frv. er allt innifalið í verðinu.

Meðtalið: Hálf dags og eins dags ferðir.

Undanskilið: Ferðatryggingar (ekki í vísitölunni); leigugreiðslur fyrir húsnæði sem fjölskyldur nýta til dvalar í leyfum (04.1); leiga fyrir gistingu á orlofssvæðum og orlofsmiðstöðvum (11.2).

10.A **MENNTUN - neytendur greiða að jafnaði í aðildarríkjunum (S)**

Tekur til menntunar sem neytendur greiða að jafnaði í aðildarríkjunum; aðildarríkin skilgreina eftirfarandi sem slíka menntun:

- 9. flokkur í alþjóðlegu staðalflokkunarkerfi á menntun (ISCED); formleg menntun, einkum ætluð fullorðnum, sem krefst enngar sérstakrar undirbúningsmenntunar, einkum starfsmenntun og nám í greinum er tengjast menningu.

Meðtalið: Tölvunámskeið, tungumálanámskeið, vélritunarnámskeið o.s.frv.

Undanskilið: Menntun sem „neytendur greiða að jafnaði ekki í aðildarríkjunum“, það er flokkur 0 og 1. flokkur í ISCED (leikskóli, grunnskóli, kennsla í lestri og skrift fyrir börn á öllum aldri), 2. og 3. flokkur í ISCED (almenn menntun, starfsmenntun og tæknimenntun á framhaldsskólastigi) og 5., 6. og 7. flokkur í ISCED (menntun á háskólastigi) (ekki í vísitölunni); tómstundastarf, íþróttaiðkun og ferðamennska sem er ekki í mynd skipulagðra námskeiða með ákveðin markmið, til dæmis nám í tónlist, íþróttum og „bridge“ hjá sjálfstætt starfandi kennurum (09.2A); kennsluefni (09.3); mótuneyti í skólum, háskólum og öðrum menntastofnunum (11.1.2); gistiþjónusta heimavistar skóla, háskóla og annarra menntastofnana (11.2).

11. GISTIHÚS, KAFFIHÚS OG VEITINGAHÚS

11.1 Matsala

11.1.1 Veitingahús og kaffihús (S)

- Matsöluþjónusta (máltíðir, drykkir og veitingar) í kaffihúsum, veitingahúsum, matarbörum, vínörum, testofum o.s.frv., að meðtalinni þjónustu:
 - á stöðum sem veita tómsunda-, menningar- eða íþróttþjónustu, í leikhúsum, kvikmyndahúsum, á íþróttavöllum, í sundlaugum, íþróttahöllum, söfnum, listhúsum o.s.frv.,
 - í almenningsfarartækjum (langferðabifreiðum, lestum, bátum, flugvélum) nema verð máltíðarinnar sé innifalið í fargjaldi (t.d. máltíðir í flugvélum),
 - á stöðum þar sem veittir eru drykkir í tengslum við skemmtiatriði: kabarettleikhús, næturklúbbar, dansstaðir með börum o.s.frv.
- Einnig:
 - sala á vörum til neyslu á staðnum, t.d. samlokum, pylsum, ís o.s.frv.,
 - sala fyrirtækja sem selja tilbúna rétti og matsöluverktaka á máltíðum og smáréttum, hvort sem vörurnar eru sendar heim eða ekki,
 - tilreiddur matur til að taka með,
 - vörur sem seldar eru tilbúnar til neyslu úr sjálföldum (samlokur, súkkulaðistengur, gosdrykkir, kaffi o.s.frv.)

Meðtalið: Þjófþé.

Undanskilið: Tóbaksvörur (02.2).

11.1.2 Mötuneyti (S)

Matsöluþjónusta mötuneyta í verksmiðjum og skrifstofum, skólum, háskólum og öðrum menntastofnunum.

Undanskilið: Matur og drykkur handa sjúklingum á sjúkrahúsum (ekki í vísitölunni).

11.2 Gistiþjónusta (S) ⁽¹⁾

- Gistiþjónusta á gistihúsum, gistiheimilum með matsölu, vegahótelum og gistikrám.
- Gistiþjónusta á orlofssvæðum og í orlofsmiðstöðvum, á tjald- og hjólhýsasvæðum, farfuglaheimilum og í fjallaskálum.
- Gistiþjónusta heimavistarskóla, háskóla og annarra menntastofnana.

Meðtalið: Þjófþé, burðarmenn.

Undanskilið: Leigugreiðslur fjölskyldna sem hafa herbergi í gistihúsi eða gistiheimili með matsölu sem fast heimili (04.1); leigugreiðslur fyrir húsnæði sem fjölskyldur nýta til dvalar í leyfum (04.1); matsöluþjónusta á slíkum stofnunum að frátöldum morgunverði sem er innifalinn í verði gistingar (11.1.1); fólk sem hýst er á munaðarleysingjahælum, heimilum fyrir fatlaða og geðfatlaða, gistihúsum fyrir unga verkamenn eða innflytjendur (ekki í vísitölunni).

⁽¹⁾ Tekur til allra kaupna á gistiþjónustu sem fánleg er á efnahagssvæði aðildarríkjanna.

12. ÝMSAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTA

12.1 Persónuleg þjónusta

12.1.1 Hárgreiðslustofur og snyrtistofur (S)

- Þjónusta hárgreiðslustofa, rakara, snyrtistofa, handsnyrtistofa, baðhúsa og gufubaðsstofa, sólbaðsstofa, nuddara annarra en sjúkranuddara o.s.frv.

12.1.2 Tæki og vörur fyrir persónulega þjónustu (ND)

- Rafmagnstæki: rafknúnar rakvélar og hársnyrtivélar, hárfurrkur og þurrkhjálmar, hárlíðunarfjárn og blástursgreiður, sólarlampar, titrarar, rafmagnstannburstar og önnur rafmagnstæki til tannhirðu o.s.frv.

- Órafknúin tæki: órafknúnar rakvélar og hársnyrtivélar og blöð í þær, skæri, naglaþjalir, greiður, rakburstar, hárburstar, tannburstar, naglaburstar, hárnálar, hárrúllur, baðvogir, ungbarnavogir o.s.frv.

Hlutir til persónulegrar hirðu: handsápa, lyfjasápa, hreinsiolia og -mjólk, raksápa, rakkrem og -froða, tannkrem o.s.frv.

- Snyrtivörur, ilmvötn og svitalyktareyðar: varalitur, naglalakk, farði og farðahreinsivörur (þar með taldar púðurdósir, burstar og duftþúðar), hárlakk og hárvökvar, vörur til nota fyrir og eftir rakstur, sólbaðsvörur, háreyðingarefni, ilmvötn og kölnarvötn, efni til að eyða líkamslykt og baðvörur.

- Aðrar vörur: salernispappír, pappírsvasaklútar, pappírþurrkur, dömubindi, baðmull, eyrnarpinnar, einnota bleiur.

Meðtalið: Viðgerðir á slíkum tækjum.

Undanskilið: Taubleiur (03.1.2); tauvasaklútar (03.1.3).

12.2 Persónulegir munir, ót.a. (D, SD)

- Eðalsteinar, skartgripir, þar með taldir óekta skartgripir, ermahnappar og bindisnælur.

- Klukkur, úr, skeiður, vekjaraklukkur.

- Viðgerðir á slíkum hlutum.

- Hlutir fyrir reykingamenn: pípur, kveikjarar, vindlingaöskjur o.s.frv.

- Hlutir fyrir ungbörn: barnavagnar, barnakerrur, stólar, bílrúm og bílsæti, bakburðarpokar, magaburðarpokar, beisli o.s.frv.

- Ferðavörur og önnur burðarilát fyrir persónulega muni: ferðatöskur, koffort, ferðaskjóður, skjalatöskur, hliðartöskur, handtöskur, seðlaveski, buddur o.s.frv.

- Ýmsir persónulegir munir: sólgleraugu, göngustafir, regnhlífir, blævængir, lyklakippur o.s.frv.

- Útfararmunir, t.d. duftker, líkkistur og legsteinar.

Meðtalið: Ferðavekjaraklukkur; vegghitamælur og -loftvogir.

(¹) Vægi og verð þessa liðar skal vera nettóverð krafna. Þó er heimilt að nota verðlagsvísitölu brúttóiðgjalda sem nálgun eða mat vegna breytinga á nettóiðgjöldum. Vægi annarra liða skal stilla vegna viðgerða sem greiddar eru með bótum beint frá tryggingafélögum, til dæmis vægi liðanna viðhalds og viðgerða (07.2.3) og nýrra og notaðra bifreiða (07.1.1).

Undanskilið: Skrautmunir (05.1.1 eða 05.4); útvarpsklukkur (09.1.1); ungbarnahúsgögn (05.1.1); pennaveski (09.3.4); innkaupapokar (05.2).

12.4A Tryggingar (S) ⁽¹⁾

Þjónustugjöld fyrir tryggingar eru flokkuð eftir tegund tryggingar. Þjónustugjöld fyrir tryggingar sem taka til fjölþættrar áhættu eru ekki flokkuð sérstaklega. Ef ekki er unnt að sundurliða þjónustugjöld fyrir slíkar tryggingar eftir þeim tegundum áhættu sem tryggingin tekur til ber að flokka þjónustugjöldin á grundvelli kostnaðar við megináhættuna.

12.4.2A Tryggingar vegna húsnæðis - innbústryggingar (S)

— Þjónustugjöld sem íbúar í eigin húsnæði og leigjendur greiða fyrir þær tegundir tryggingar sem leigjendur kaupa venjulega gegn eldsvoðum, þjófnaði, vatnsskemmdum o.s.frv.

Undanskilið: Þjónustugjöld sem íbúar í eigin húsnæði greiða fyrir þær tegundir trygginga sem leigusalar kaupa venjulega (aðföng).

12.4.4A Tryggingar tengdar samgöngum - bifreiðatryggingar (S)

— Þjónustugjöld fyrir tryggingar vegna einkasamgöngutækja.

Undanskilið: Þjónustugjöld fyrir ferðatryggingar og farangurstryggingar (ekki í vísitölunni).

12.5A Bankaþjónusta ót.a. (S)

— Raungjöld fyrir bankaþjónustu.

— Gjöld fyrir póstaðvísanir og aðra fjármálaþjónustu pósthúsa og sparisjóða.

Undanskilið: Vaxtagreiðslur og gjöld sem nema tilteknu hlutfalli af virði viðskiptanna.

12.6A Önnur þjónusta ót.a. (S)

— Þóknanir fyrir lögfræðiþjónustu, atvinnumiðlun o.s.frv.

— Greiðslur fyrir útfararstjórn og aðra útfararþjónustu.

— Greiðslur fyrir þjónustu umboðsskrifstofa fyrir fasteignir og fasteignasala, þeirra sem reka söluhúsnæði og ýmissa milliliða.

— Greiðslur fyrir ljósritun og aðra afritun skjala.

— Gjöld fyrir útgáfu vegabréfa, fæðingar-, hjúskapar- og dánarvottorða - samkvæmt reglum evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (EÞK) frá 1995 (5. neðanmálgrein við lið 4.79) og þjóðhagsreikningakerfisins (liður 8.54) er lítið á slíkar greiðslur sem kaup á þjónustu frá hinu opinbera og falla þær því undir samræmda vísitölu neysluverðs.

— Greiðslur fyrir blaðatilkynningar og auglýsingar.

— Greiðslur fyrir þjónustu rithandarsérfræðinga, stjórnuspekinga, einkaspæjara, hjúskaparmiðlara og hjónabandsráðgjafa, textahöfunda, ýmsa aðra þjónustu (sæti, salerni, fatahengi) o.s.frv.

Undanskilið: Samkvæmt reglum evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (EÞK) frá 1995 tilheyra þessum lið ekki framlög og félagsgjöld til fagfélaga, trúfélaga, félags- og menningarsamtaka og tómstunda- og íþróttafélaga (EÞK 1995, liður 3.77.e).

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2223/96**frá 25. júní 1996****um evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í bandalaginu(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af drögum að reglugerð sem framkvæmdastjórnarin lagði fram,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Peningamálastofnunar Evrópu ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmd og eftirlit með Efnahags- og myntbandalaginu krefst sambærilegra, uppfærðra og áreiðanlegra upplýsinga um efnahagsástand og þróun í hverju landi og/eða svæði.
- 2) Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í stjórnun Efnahags- og myntbandalagsins, einkum skal hún leggja skýrslu fyrir ráðið um hvernig aðildarríkjunum gengur að efna skuldbindingar sínar um stofnun Efnahags- og myntbandalagsins.
- 3) Þjóðhagsreikningar eru mikilvægt verkfæri við greiningu efnahagsástands ríkis og/eða svæðis að því tilskildu að þeir séu byggðir á sömu ótvíræðu meginreglunum.
- 4) Framkvæmdastjórnin skal nota samtölur þjóðhagsreikninga við útreikninga innan stjórnsýslunnar og þá einkum útreikninga er varða fjárlög.
- 5) Árið 1970 kom út opinbert skjal sem ber yfirskriftina „Evrópska þjóðhagsreikningakerfið“ (EÞK), alfarið samið

á vegum og á ábyrgð Hagstofu Evrópubandalaganna, sem fjallar um það svið sem þessi reglugerð tekur til. Þetta skjal var afkrastur margra ára vinnu Hagstofu Evrópubandalaganna og hagstofa aðildarríkjanna við að setja saman þjóðhagsreikningakerfi sem uppfyllti kröfur efnahags- og félagsmálastefnu Evrópubandalaganna, auk þess að verða útgáfa bandalagsins af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna sem hafði verið notað í bandalaginu fram að þeim tíma.

- 6) Til þess að uppfæra upprunalega textann var önnur útgáfa af skjalinu gefin út árið 1979 (sem nefnist hér á eftir „önnur útgáfa EÞK“ ⁽⁴⁾).
- 7) Hagtölunefnd SP samþykkti í febrúar 1993 nýja þjóðhagsreikningakerfið (SNA) til að tryggja að þjóðhagsskýrslur aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna væru sambærilegar á alþjóðamælikvarða.
- 8) Að því er varðar umhverfisreikninga ber að veita athygli orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 21. desember 1994 sem ber yfirskriftina „Leiðbeiningar fyrir Evrópusambandið varðandi umhverfisvísa og græna þjóðhagsreikninga“.
- 9) Bandalagið hefur samstarf við þriðju lönd, báðum aðilum til hagsbóta, einkum lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).
- 10) Til að unnt sé að uppfylla kröfur Efnahags- og myntbandalagsins ber að innleiða evrópskt þjóðhagsreikningakerfi sem nota skal við samantekt þjóðhags- og svæðisreikninganna sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins.
- 11) Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að niðurstöður reikninga og taflna allra aðildarríkjanna, sem gerðar eru samkvæmt kerfinu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu aðgengilegar notendum á tilteknum tímum, einkum með það fyrir augum að hafa eftirlit með efnahagslegri samleitni og ná fram eins nákvæmri samræmingu á efnahagsstefnum aðildarríkjanna og unnt er.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Viðaukarnir við þessa reglugerð fylgja ekki hér með í íslensku útgáfu EES viðbættisins. Þeir eru hins vegar birtir í heild sinni í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna nr. L 310, 39. árgangi, frá 30. nóvember 1996, bls. 5–469.

⁽¹⁾ Stjtið EB nr. C 287, 30. 10. 1995, bls. 114.

⁽²⁾ Álit skilað 21. 6. 1995 (hefur enn ekki verið birt í Stjtið EB).

⁽³⁾ Stjtið EB nr. C 133, 31. 5 1995, bls. 2.

⁽⁴⁾ Hagstofa Evrópubandalaganna: „Evrópska þjóðhagsreikningakerfið“ (EÞK), önnur útgáfa, Hagstofa Evrópubandalaganna, Lúxemborg, 1979.

- 12) Kerfinu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, er ætlað að koma, í áföngum, í stað allra annarra kerfa sem viðmiðunarrámmi sameiginlegra staðla, skilgreininga, flokkana og bókhaldsreglna við reikningsskil í aðildarríkjunum í samræmi við kröfur bandalagsins, þannig að niðurstöður verði sambærilegar á milli aðildarríkjanna.
- 13) Borgarar skulu hafa greiðan aðgang að niðurstöðum hagskýrslanna í samræmi við meginregluna um gagnsæi.
- 14) Kerfið, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og er afbrigði af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA), aðlagð að efnahagskerfum aðildarríkjanna, skal fylgja uppsetningu SNA-kerfisins þannig að gögn bandalagsins verði sambærileg við gögn helstu alþjóðlegu samstarfsaðila þess.
- 15) Fastsetja ber frest til úrvinnslu stórra reikningsskilaflokka og taflna og aðeins er þörf á að vinna úr upplýsingum fyrir hagskýrslur á tilteknum dagsetningum og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar að hún hafi raunveruleg not fyrir þær.
- 16) Með tilliti til magns og umfangs umræddra reikninga, nákvæmni þeirra og landfræðilegs víðfeðmis, auk stöðu mála hvað þetta varðar í aðildarríkjunum, má, í undantekningartilvikum og tímabundið, veita aðildarríkjum tiltekinn viðbótarfrest til að senda inn gögn ef þau eru sannanlega ófær um að skila þeim á eindögnum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 17) Ákvörðun um hvernig sundurliða eigi óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM) skal tekin síðar.
- 18) Í samræmi við dreifræðisregluna er eingöngu á færi bandalagsins sjálf að setja sameiginlega hagskýrslustaðla svo að hægt sé að vinna sambærilegar upplýsingar og verða þessir staðlar teknir upp í hverju aðildarríki fyrir sig á ábyrgð þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum samantekt opinberra hagskýrslna.
- 19) Ákvarða þarf málsmeðferð við að aðlaga og uppfæra ákvæði þessarar reglugerðar í samvinnu við hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalagsins, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽¹⁾. Þessi aðlögunarmeðferð skal takmarkast við breytingar sem ekki auka eigin tekjur.
- 20) Hagskýrsluáætlunarnefndin og hagskýrslunefndin um peningamál, fjármál og greiðsluöfnun, sem komið var á fót með ákvörðun 91/115/EBE ⁽²⁾, hafa lýst sig meðmæltar drögum að þessari reglugerð.
- 21) Í tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframléiðslu á markaðsvirði ⁽³⁾ segir að VÞFmv geti því aðeins talist

samræmdur mælikvarði að byggt sé á viðeigandi skilgreiningum og bókhaldsreglum evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (EPK), og í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1553/89 frá 29. maí 1989 um endanlegt samræmt fyrirkomulag á innheimtu eigin tekna af virðisaukaskatti ⁽⁴⁾ er kveðið á um að til þess að hægt sé að reikna út vegið meðaltal VSK þurfi að sundurliða skattskyld viðskipti með tilliti til þjóðhagsreikninga sem settir eru fram samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (EPK), og hvað þessar lagagerðir varðar ber — rétt eins og í tengslum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 3605/93 frá 22. nóvember 1993 um beitingu bókonar um málsmeðferð vegna af mikils fjárlagahalla ⁽⁵⁾, ákvörðun ráðsins 94/728/EB, KBE frá 31. október 1994 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna ⁽⁶⁾ og ákvörðun ráðsins 94/729/EB frá 31. október 1994 um eftirlit með fjárlögum ⁽⁷⁾ — að kveða á um aðlögunartímabil til að hrinda í framkvæmd kerfinu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að koma á laggirnar Evrópska þjóðhagsreikningakerfinu 1995, sem nefnist hér á eftir „EPK 95“, þar sem kveðið er á um:

- aðferðafræði varðandi sameiginlega staðla, skilgreiningar, flokkunarkerfi og bókhaldsreglur, sem á að nota til að taka saman reikninga og töflur á sambærilegum grundvelli með þarfir bandalagsins í huga, auk niðurstaðna eins og nánar er kveðið á um í 3. gr.;
- áætlun um afhendingar á tilteknum dögum, með þarfir bandalagsins í huga, á þeim reikningum og töflum sem teknar hafa verið saman samkvæmt EPK 95.

2. Þessi reglugerð gildir, að teknu tilliti til 7. og 8. gr., um allar lagagerðir bandalagsins sem varða EPK eða skilgreiningar þess.

3. Þessi reglugerð skuldbindur ekkert aðildarríki til að nota EPK 95 við samantekt reikninga til eigin nota.

2. gr.

Aðferðafræði

1. Aðferðafræði EPK 95 sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. er sett fram í viðauka A.

2. Breytingar á aðferðafræði EPK 95, sem ætlað er að skýra og bæta innihald kerfisins, skulu samþykktar með ákvörðun ráðsins í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr.,

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 59, 6. 3. 1991, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 49, 21. 2. 1989, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 155, 7. 6. 1989, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 332, 31. 12. 1993, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 293, 12. 11. 1994, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 293, 12. 11. 1994, bls. 14.

að því tilskildu að þær breyti ekki grunnhugmyndum þess, að framkvæmd þeirra krefjist ekki viðbótarfjármagns og að þær valdi ekki aukningu eigin tekna.

3. Í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans skal ráðið, eigi síðar en 31. desember 1997, taka ákvörðun um innleiðingu kerfis, sem lýst er í I. viðauka við viðauka A, um sundurlíðun óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM), og skal, þar sem við á, samþykka þær ráðstafanir sem þarf til að koma kerfinu í framkvæmd.

3. gr.

Afhending til framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) þá reikninga og töflur sem mælt er fyrir um í viðauka B, innan þess frests sem tilgreindur er fyrir hverja töflu.

Viðbótarfrestirnir, sem veittir eru tilteknum aðildarlöndum í samræmi við viðauka B, skulu falla úr gildi eigi síðar en 1. janúar 2005.

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefnd, leggja fyrir ráðið skýrslu eigi síðar en 1. júlí 2003, um framkvæmd frestanna sem veittir hafa verið, með það í huga að sannreyna hvort þeir séu réttlætalegir. Þessari skýrslu skal, ef nauðsyn krefur, fylgja tillaga frá framkvæmdastjórninni um nýja viðbótarfresti fyrir þau aðildarríki sem á þeim þurfa að halda.

2. Aðildarríkin skulu afhenda niðurstöðurnar, sem um getur í viðauka B, þar með taldar upplýsingar sem lýstar eru trúnaðargögn samkvæmt innlendra löggjöf eða venjum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ⁽¹⁾, en í henni er að finna reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Innan þeirra marka sem 2. mgr. 2. gr. setur, og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr., getur framkvæmdastjórnin tekið ákvarðanir um allar breytingar í gögnum sem aðildarríkjnum ber að afhenda, hvort sem um er að ræða nýjar töflur, lönd og/eða svæði.

4. gr.

Málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar, sem nefnist hér á eftir „nefndin“.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með

þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykka ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar;
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í a-lið.

5. gr.

Verkefni nefndarinnar

Nefndin skal kanna öll mál varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar sem formaður hennar ber upp að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

6. gr.

Samstarf við aðrar nefndir

1. Framkvæmdastjórnin skal, í öllum málum sem falla undir valdsvið hagskýrslunefndarinnar um peningamál-, fjármál og greiðsluþjónun, biðja um álit þeirrar nefndar í samræmi við 2. gr. ákvörðunar 91/115/EBE.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda nefndinni um verga þjóðarframléiðslu, sem komið var á fót með tilskipun 89/130/EBE, KBE, allar upplýsingar sem varða framkvæmd þessarar reglugerðar og eru nefndinni nauðsynlegar til að hún geti sinnt störfum sínum.

7. gr.

Dagsetning gildistöku og fyrsta afhending gagna

1. EÞK 95 skal beitt í fyrsta skipti á gögn sem tekin eru saman í samræmi við viðauka B og afhenda ber í apríl 1999.

2. Gögnunum skal skila til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) í samræmi við frestina sem mælt er fyrir um í viðauka B.

3. Aðildarríkin skulu, í samræmi við 1. mgr., halda áfram að senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) reikninga og töflur, sem eru sett upp samkvæmt annarri útgáfu EÞK, fram að þeim tíma að fyrsta afhending gagna, sem byggja á EÞK 95, hefur farið fram.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögum frá 1994.

4. Með fyrirvara um 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE, KBE) nr. 1552/89 frá 29. maí 1989⁽¹⁾ um framkvæmd ákvörðunar 88/376/EBE, KBE um skipulag á eigin tekjum bandalagsins, skulu ráðið og viðkomandi aðildarríki hafa eftirlit með að þessari reglugerð sé beitt og skulu skila niðurstöðum eftirlitsins til nefndarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Tímabundnar ráðstafanir

1. Að því er varðar fjárlög og eigin tekjur, og þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. og 7. gr., skal önnur útgáfa EPK vera gildandi evrópskt þjóðhagsreikningakerfi (EPK), í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE og lagagerða þar að lútandi, einkum og sér í lagi reglugerða (EBE, KBE) nr. 1552/89 og nr. 1553/89 og ákvarðana 94/728/EB, KBE og 94/729/EB, á meðan ákvörðun 94/728/EB, KBE er í gildi

2. Að því er varðar skýrslur aðildarríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar um málsmeðferð vegna of mikils fjárlagahalla, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 3605/93, skal gildandi evrópskt þjóðhagsreikningakerfi (EPK) vera önnur útgáfa EPK fram að afhendingu skýrslna sem sendast 1. september 1999.

3. Beiting annarrar útgáfu EPK samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal tryggð með því að aðlaga gögnin, sem eru tekin saman á grundvelli EPK 95 samkvæmt 1. mgr. 7. gr., þannig að tekið sé tillit til breytinga sem rekja má til mismunar á hugtökum, skilgreiningum eða flokkunarkerfum á milli annarrar útgáfu EPK og EPK 95.

Eigi síðar en í desember 1996 skal fastsetja framkvæmd þessarar meginreglu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

M. PINTO

forseti.

(¹) Stjtið. EB nr. L 155, 7. 6. 1989, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE, KBE) nr. 2729/94 (Stjtið. EB nr. L 293, 12. 11. 1994, bls. 5).